



Hægrimaður verður forseti

PORTÚGAL, AP Útgönguspár bentu til þess í gærkvöld að íhaldsmaðurinn Anibal Cavaco Silva hefði borið sigur úr býtum í forsetakosningum sem fram fóru í Portúgal í gær. Ef spárnar standast verður hann fyrsti hægrimaðurinn til að gegna embætti forseta síðan árið 1974. Silva var forsætisráðherra á árunum 1985-1995. Þrátt fyrir að embætti forseta sé að mestu táknrænt velur hann hver verður forsætisráðherra og getur leyst upp þingið.

Mótframbjóðendur Silva voru skáldið og þingmaðurinn Manuel Alegre og Mario Soares, fyrrverandi forsætisráðherra Portúgals og forseti í tvígang. ■

Skaut unnustu sína til bana

NOREGUR Sextán ára gömul stúlka í bænum Hommersåk skammt frá Stavangri í Noregi var skotin til bana um helgina. Unnusti stúlkunnar, sem er ári eldri en hún, hringdi til lögreglu aðfaranóttunnudags og sagðist hafa orðið henni að bana. Hann var handtekinn skömmu síðar og hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Óhug hefur sett að íbúum Hommersåk sem er lítill friðsæll bæ en það voru vegfarendur sem fundu stúlkuna liggjandi í blóði sínu á götu í útjaðri bæjarins. ■

FRÉTTABLAÐIÐ


Hnallpópur í Bændahöllinni
Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, er fertugur í dag og bauð í sunnudagskaffi í gær.
TÍMAMÓT 58

Krúttmamman
Sýning Gabrielu Friðriksdóttur hefur vakið athygli. Þetta er sýning til þess að fara einn á og vera lengi að skoða.
MENNING 22

Engin moðuða í Garðabæ
„Því að þótt sjálfstæðismenn í Garðabæ séu í þannig skapi um þessar mundir að telja að ekki sé óhætt að hleypa konum mikið upp á dekk þá er það ekkert lögmál fyrir fólk í jafnvel þótt það búi í Garðabæ í að þurfa að kjósa Sjálfstæðisflokkinn,“ segir Guðmundur Andri í grein sinni.
Í DAG 16

Manchester United vann Liverpool
Manchester United batt enda á sigur-göngu Liverpool í ensku úrvals-deildinni í gær. Rio Ferdinand skoraði eina mark leiksins á lokamínútu.
ÍÞRÓTTIR 38

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI Það verður yfirleitt hæg suðvest-læg átt með björtu veðri á Norður- og Austurlandi. Skýjað með köflum vestan til og stöku slyddu- eða snjóél.
Hiti 0-4 stig. **VEÐUR 4**

LESTUR MEÐAL 25-45 ÁRA

Húsnæðisleitin hefst í Fréttablaðinu

31% Fréttablaðið
Allt-fasteignir. á mánuðegi

16% Mbl.
Fasteignablað Morgunblaðsins

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.

Vilhjálmur Þ. verði næsti borgarstjóri

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson er óskaborgarstjóri Reykvíkinga samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. 38 prósent borgarbúa vilja Vilhjálm í embættið. 21 prósent vill Dag B. Eggertsson og 14 prósent Steinunni Valdísi Óskarsdóttur.

SKOÐANANAKÖNNUN Flestir borgarbúar vilja að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, verði næsti borgarstjóri Reykjavíkur, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 37,9 prósent borgarbúa nefna Vilhjálm og hefur hann talsverða yfirburði yfir aðra sem nefndir voru í könnuninni.

Samfylkingarmenn koma í næstu þremur sætum. 21 prósent nefndi Dag B. Eggertsson, 13,9 prósent nefndu Steinunni Valdísi Óskarsdóttur og 10 prósent nefndu Stefán Jón Hafstein. Þau sækjast eftir efsta sæti á lista flokks síns fyrir kosningararnar í vor. Gísli Marteinn Baldursson, Sjálfstæðisflokk, var efstur í hliðstæðri könnun Fréttablaðsins í ágústlok. „Ég er afskaplega ánægður og afar þakklátur fyrir þann stuð-

ing sem borgarbúar sýna mér. Fáir ég tækifæri til að gegna embættinu mun ég ekki bregðast trausti þeirra,“ sagði Vilhjálmur Þ. í gærkvöld.

Fylgi hans hefur vaxið stórum frá síðustu könnun Fréttablaðsins og sömuleiðis fylgi Dags B. Eggertssonar. „Þetta eru mjög góðar fréttir fyrir okkur í Samfylkingunni því samkvæmt þessu eru fleiri sem vilja samfylkingarmann í stöðu borgarstjóra en sjálfstæðismann. Ég er líka ánægður með þann góða grunn sem ég virðist hafa í upphafi baráttunnar og ætla að leggja mig allan fram við að vinna þá sem eru óákvæðir á okkar band.“

Fleiri nefna Steinunni Valdísi nú en í ágústlok. „Ef maður leggur saman fylgið þá er það greinilegt að 44,9 prósent aðspurðra vilja sjá samfylkingarmann sem næsta borg-

arstjóra og það finnst mér mjög ánægjuleg tíðindi. Auk þess er ég auðvitað glöð að sjá að fylgið við mig er að aukast,“ sagði Steinunni í gærkvöld.

Mun færri nefna Stefán Jón í könnuninni nú en í ágúst. „Ég viðurkenni að mér finnst ekki skemmtilegt að sjá svona tölur en ég hef ekki trú á að þetta sé hin rétta staða ef tekin er marktæk könnun með herra svarhlutfalli. Það er þó ljóst að myndin hefur ruglast ansi mikið þegar Dagur kom inn í baráttuna og ég þarf auðvitað sækja mjög stíft áfram,“ sagði Stefán Jón.

Spurt var: Hver vilt þú að verði næsti borgarstjóri? Hringt var í 600 Reykvíkinga með kosningarétt. Rúmlega 300 svöruðu.

- bps/sjá síðu 4



ERFITT LÍF Á GÖTUNNI Þessi tvö heimilislausu skótuþjú reyndu að fá yl í kroppinn við uppgufun frá loftræstiróri í Moskvu. Sjó létust aðfaranóttunnudags í borginni vegna kulda sem fór allt niður í 32 gráðu frost. **MYND/APP**

Sjötíu stiga frost mældist í Síberíu í gær og er búist við frosthörkum áfram:

Fimbulkuldi ríkir í Evrópu

VEÐUR Gríðarlegir kulda hafa geisad víða í Evrópu um þessar mundir og hafa fjölmargir látist. Kuldin náði á nokkrum stöðum sögulegu hámarki um helgina og til dæmis mældist tæplega sjötíu gráðu frost í Síberíu í Rússlandi á laugardag.

Frostið í Moskvu mældist 32 gráður og að minnsta kosti sjö manns frusu í hel í borginni aðfaranóttunnudags. Tólf hafa látist í Úkraínu og sex dóu úr kulda í Lettlandi í gær þar sem hitastigið hefur ekki verið lægra í heila öld.

Þólverjar hafa ekki sloppið við

kuldakastið því þar lést tuttugu og einn af völdum þess um helgina. Þar með hafa 144 dáið af völdum kulda í Austur-Evrópu það sem af er vetri. Spáð var tæplega 30 gráðu frosti í Póllandi í dag. Áfram er gert ráð fyrir miklum kuldu í álfunni.

Norðurlandabúar fóru ekki varhluta af skapstyggð veðurguðanna. Fárvíðri geisaði í Norður-Noregi um helgina og fór rafmagn af Tromsö í dágóða stund vegna snjóþyngrla á raflínunum. Í Helgeland fuku hús eins og eldspýtur í ofsavæðri og þar áttu vegfarendur fótum fjör að launa.

Ástandið í Danmörku var ekki mikið skár. Þegar grýlukerti og íshröngl tóku að hrynja úr burðarvírum Stórabeltisbrúarinnar, sem tengir Fjón og Sjáland, var lokað fyrir umferð og því mynduðust margra kílómetra langar bílaraðir beggja vegna brúarinnar. Tók allt að tuttugu klukkustundir að losa fólk úr bifreiðum sínum.

Flugumferð um Kastrup-flugvöll lá nánast niðri frá því í fyrrakvöld og langt fram eftir gærdegnum. Sjálft óveðrið virðist að baki en veðurfræðingar gera ráð fyrir að frosthörkur muni jafnvel færast í vöxt.

- sgi

Hvert sem er, hvaðan sem er

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000

ÁVÖÖXTUN SJÓÐA 2005

Rekstur fjölmargra sjóða KB banka bar ríkulega ávöxtun síðastliðna 12 mánuði. Með fjölbreyttu úrvali verðbréfa- og lífeyrissjóða mætir bankinn þörfum viðskiptavina sinna, einstaklinga jafnt sem stærri fjárfesta, hvort sem þeir fjárfesta til lengri eða skemmri tíma.

SKULDABRÉFASJÓÐIR

NAFNÁVÖXTUN ÁRÍÐ 2005

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

Peningamarkaðssjóður ¹	8,5%
-----------------------------------	------

ÍSLENSK SKULDABRÉF - SKAMMTÍMA

Hávaxtasjóður ¹	8,9%
Skammtímasjóður ¹	7,6%

ÍSLENSK SKULDABRÉF - MEDALLÖNG

Markbréf	6,1%
Kjarabréf	4,7%
Ríkisverðbréfasjóður - millilangur	3,4%

ÍSLENSK SKULDABRÉF - LÖNG

Ríkisverðbréfasjóður - langur	1,0%
-------------------------------	------

HLUTABRÉFASJÓÐIR

NAFNÁVÖXTUN ÁRÍÐ 2005

ÍSLENSK HLUTABRÉF

ÍS-15 ¹	73,2%
Einingabréf 9 ¹	71,0%
Icelandic Equity ²	70,0%
Úrvalsvísitölusjóður ICEQ	66,8%
	66,6%

BLÖNDUÐ VERÐBRÉF

KB Samval ¹	64,1%
Eignastýringarsjóður ¹	32,2%

ALÞJÓÐLEG HLUTABRÉF - GLOBAL

KMS Global Sector	21,4%
KB Erlend hlutabréf	16,7%
KMS Global Styles	15,7%
KMS Global Equity	12,3%
Kaupthing Fund - Global Value	12,1%
Kaupthing Fund - Global Equities	11,2%

ALÞJÓÐLEG HLUTABRÉF - MARKAÐIR

Kaupthing Fund - Nordic Growth	37,3%
KMS Emerging Market	34,1%
KMS Asia Pacific	25,8%
KMS Europe	14,9%
KMS N-America	9,7%

LÍFEYRISSPARNADUR

NAFNÁVÖXTUN ÁRÍÐ 2005

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Frjálsi 1	15,6%
Frjálsi 2	8,1%
Frjálsi 3*	8,9%
Tryggingadeild ³	17,5%

VISTA

Vista 1	27,6%
Vista 2	22,7%
Vista 3	14,5%
Vista 4	7,4%
Vista 5*	8,9%
Vista, Erlend hlutabréf	13,8%
Vista, Innlend hlutabréf	67,4%
Vista, Innlend skuldabréf	2,0%

LÍFEYRISAUKI

Lífeyrisauki 1	27,8%
Lífeyrisauki 2	22,9%
Lífeyrisauki 3	14,9%
Lífeyrisauki 4	7,9%
Lífeyrisauki 5*	8,9%
Lífeyrisauki, Erlend hlutabréf	20,2%
Lífeyrisauki, Innlend hlutabréf	69,2%
Lífeyrisauki, Innlend skuldabréf	1,3%

* Verðtryggðir innlánsreikningar

Nafnávöxtun síðastliðna 12 mánuði m.v. 31.12.2005

Upplýsingar um ávöxtun verðbréfasjóða er að finna á vefsíðu Lánstrausts, www.sjodir.is, sem er óháður aðili.

¹ Fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði.

² Icelandic Equity er skráður í Lúxemborg og lýtur þarlandum lögum um sjóði og eftirlit yfirvalda. Sjóðurinn flokkast sem Part II sjóður og fjárfestingarheimildir eru svipaðar þeim heimildum sem fjárfestingarsjóðir hafa hérlandis. Útboðslýsingar má nálgast í höfuðstöðvum og útibúum KB banka.

³ Skuldabréf gerð upp á kaupkröfu.

Nánari upplýsingar í síma 444 7000 eða í næsta útibúi KB banka.

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 20.01.2006

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	61,58	61,88
	Sterlingspund	108,34	108,86
	Evra	74,38	74,80
	Dönsk króna	9,996	10,024
	Norsk króna	9,192	9,246
	Sænsk króna	7,98	8,026
	Japanskt jen	0,5339	0,5371
SDR		89,16	89,70

Gengisvísitala krónunnar 104,1561

HEIMILD: Seölabanki Íslands

Svissneska lífvarðasveit páfa stendur á tímamótum:

Hafa þjónað páfa í 500 ár

RÓM, AP Vatíkanið hélt í gær upp á að fimm hundruð ár eru liðin síðan fyrstu svissnesku lífverðirnir komu til Róm til að þjóna páfanum. Síðan þá hafa lífverðirnir staðið vörð um öryggi 42 páfa. Þrátt fyrir að undanfarin ár hafi öryggisvarsla Vatíkansins í meira mæli verið í höndum ítalskra öryggisveita og óeinkensklaðra lögreglumanna er persónulegt öryggi páfans enn á ábyrgð hinna fjölskrúðugu Svisslendinga.

er gerðar til þeirra. Þeir verða að vera kaþólskir Svisslendingar, hafa lokið grunnþjálfun í svissneska hernum og vera í það minnsta 1,73 metrar á hæð.

Gamlir félagar í lífvarðasveitunum munu taka þátt í hátíða-höldunum sem hófust síðastliðinn september og standa fram á vor. Í gær var haldin sérstök messa í sextínsku kapellunni til að minnast þessara tímamóta.

LITRÍKIR EN HARÐIR Í HORN AÐ TAKA Sérstök messa var haldin í sextínsku kapellunni í gær til að minnast þess að fimm hundruð ár eru liðin síðan fyrstu svissnesku lífverðirnir komu til Róm til að þjóna páfanum.



Félag í eigu Baugs á markað: Frekari kaup á Bretlandi

VIBSKIPTI Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, segir í samtölum við breska fjölmiðla að fyrirtækið hafi hug á því að auka fjárfestingar sínar í Bretlandi. Independent telur að Baugur muni í vaxandi mæli beina spjótum sínum að fasteignamarkaði í stað verslunar-geirans og dreifa þar með áhættu.

Vitað er að stjórnendur Baugs hafa haft áhuga á að skrásetja sköverslunarkerðjuna Shoe Studio Group á markað en keðjan á einnig tiskumerkin Principles og Warehouse. Hún er meðal annars í eigu stjórnenda fyrirtækisins, Baugs og KB banka. - epa



BJÖRGUNARTILRAUN Vonast er eftir bráðabirgðaniðurstöðum úr krufningunni á miðvikudag.

Andarnefjan í Thames:

Dánarorsök rannsökuð

LONDON, AP Sérfræðingur í sjávarspendýrum mun kryfja andarnefjuna, sem synti upp ána Thames um helgina, til að staðfesta dánarorsök. Dírið drapst þegar reynt var að flytja það á báti til sjávar. Ekki er ljóst hvað það var sem dró dírið til dauða en vonast er eftir því að bráðabirgðaniðurstöður verði kynntar á miðvikudag.

Um 23 milljónir manna fylgdu með björgunartilraunum í sjónvarpi á laugardag en þetta var í fyrsta sinn sem andarnefja hafði sést á sundi í Thames frá því að skráningar hófust árið 1913.

BANDARÍKIN

Eldur í námu Tveir námuverkamenn sem lokast höfðu inni í kolanámu í Vestur-Virginíuríki í Bandaríkjunum, þegar eldur braust þar út á fimmtudag, fundust látnir að kvöldi laugardags. Þar með hafa fjórtán látist í slysum í kolanámu í Bandaríkjunum það sem af er árinu en tólf menn létust í hörmulegu slysi í Sago-námunum fyrir stuttu.

LÖGREGLUFRETT

Fjögur minniháttar umferðaróhöpp urðu á Akureyri í gær en engin slys urðu á fólk í óhöppunum. Töluvert hefur verið um umferðaróhöpp á Akureyri að undanförnu en mikil hálka hefur verið á götum Akureyrarþéjar sem gert hefur ökomönnum erfitt fyrir.

Reykvíkingar vilja Vilhjálm

Flestir Reykvíkingar nefna nafn Vilhjálmssonar þegar spurðir eru hvern þeir vilja sjá sem næsta borgarstjóra. Fleiri vilja Samfylkingarfólk sem borgarstjóra en fólk úr Sjálfstæðisflokkki. Fimm prósent vilja nú Gísla Marteinn Baldursson, sem var oftast nefndur í síðustu könnun Fréttablaðsins.

SKOÐANAKÖNNUN Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins vilja flestir sjá Vilhjálm P. Vilhjálmsson, efsta mann á lista Sjálfstæðisflokks, sem næsta borgarstjóra Reykjavíkur og nefna tæplega 38 prósent þeirra sem tóku afstöðu nafn hans. Í könnun Fréttablaðsins í ágúst, fyrir prófkjör Sjálfstæðisflokks, vildu 18 prósent Vilhjálm sem næsta borgarstjóra. Þá vildu flestir, eða tæp 24 prósent, sjá Gísla Marteinn Baldursson, sem bauð sig fram í fyrsta sæti á lista

Sjálfstæðisflokks en endaði í þriðja sæti í prókjörinu. Nú nefna rúm fimm prósent nafn Gísla Marteins og er hann í fimmta sæti yfir þá sem Reykvíkingar vilja sem borgarstjóra.

Næstflestir nefna nú Dag B. Eggertsson, Samfylkingu, sem vænlegan borgarstjóra, eða 21 prósent. Í síðustu könnun nefndu rúm fjögur prósent nafn hans. Tæp fjórtán prósent vilja að Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Samfylkingu, haldi áfram sem borgarstjóri, en í síðustu könnun

var hún nefnd í tæplega ellefu prósentum tilvika.

Í fjórða sæti er nú Stefán Jón Hafstein, með tíu prósentu stuðning. Í síðustu könnun var hann næstefstur, þar sem tæplega 21 prósent nefndi nafn hans. Í sjötta sæti er nú Björn Ingi Hrafnsson og nefna rúm tvö prósent nafn hans.

Nokkur munur er á vali kynjanna. Heldur fleiri karlmen, tæplega 50 prósent, vilja Vilhjálm sem næsta borgarstjóra en 34 prósent kvenna. Þá vilja 24 prósent karla fá Dag sem næsta borgarstjóra en rúm 17 prósent kvenna. Tæp tíu prósent karla vilja að Steinunn Valdís haldi áfram sem borgarstjóri en tæp 19 prósent kvenna.

Könnunin ber þess merki að prófkjör Samfylkingar hefur enn ekki farið fram, en leiða má að því líkur að prófkjör þeirra hafi sviðuð áhrif og prófkjör Sjálfstæðisflokks, þar sem meginþungi stuðningsins fer frá Gísla Marteini á milli kannana til Vilhjálmssonar. Frambjóðendurnir þrír sem óska eftir fyrsta sæti á lista Samfylkingar fyrir næstu borgarstjórnarkosningar radast í annað til fjórða sæti.


Ef reiknaður er stuðningur við hvern flokk vilja flestir að einhver úr Samfylkingunni verði næsti borgarstjóri og nefna rúm 46 prósent nafn einhvers sem starfar innan þess flokks. Í síðustu könnun nefndu rúm 39 prósent nafn einhvers úr Samfylkingunni. Fleiri vilja því einhvern úr Samfylkingunni sem borgarstjóra en segjast myndu kjósa flokkinn í borgarstjórnarkosningum, því í könnun Fréttablaðsins sem birt var í gær sagðist tæpt 31 prósent myndu kjósa flokkinn.

Tæp 46 prósent nefna nafn einhvers úr Sjálfstæðisflokknum, en í síðustu könnun vildu tæp 47 prósent að einhver úr Sjálfstæðisflokknum yrði næsti borgarstjóri. Það eru því færri sem vilja að sjálfstæðismaður verði næsti borgarstjóri en segjast myndu kjósa flokkinn, því samkvæmt könnuninni sem birt var í gær sögðust 53 prósent myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Tæp þrjú prósent vilja framsóknarmann sem borgarstjóra, tæp tvö prósent nefna einhvern úr Frjálslynda flokknum en einungu 0,3 prósent nefna einhvern úr Vinstri grænum. Tæp þrjú prósent nefndu nafn einhvers sem ekki er opinberlega tengdur einhverjum flokki. Í þeim flokki var nafn Þórólfs Árnasonar oftast nefnt, en einnig voru nokkrir svarendur sem töldu sjálfan sig besta aðilann í starfið.

Hringt var í 600 íbúa í Reykjavík 21. janúar, og skiptust svarendur jafnt milli kynja. Spurt var: Hver vilt þú að verði næsti borgarstjóri í Reykjavík? 51,5 prósent töku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is



- ÞESSIR VORU EINNIG NEFNDR**
- Björn Ingi Hrafnsson
 - Þórólfur Árnason
 - Hanna Birna Kristjánsdóttir
 - Ólafur F. Magnússon
 - Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
 - Geir H. Haarde
 - Guðmundur Árni Stefánsson
 - Árni Þór Sigfússon
 - Guðlaugur Þór Þórðarson
 - Svandís Svavarsdóttir
 - Margrét Sverrisdóttir
 - Óskar Bergsson
 - Jón Baldvin Hannibalsson
 - Halldór Ásgrímsson

Tælenskar
matvörur í úrvali Frábær verð

Skeifan 4 S. 588 1818

VEÐURSPÁ
um hádegi »

á morgun »
miðvikudagur »

Kaupmannahöfn	-3°C hálfskýjað	Paris	4°C hálfskýjað	Alicante	16°C heiðskirt
Ósló	-0°C alskýjað	Berlín	-9°C heiðskirt	Milano	8°C hálfskýjað
Stokkhólmur	-3°C hálfskýjað	Frankfurt	-1°C heiðskirt	New York	4°C rigning
Helsinki	-4°C alskýjað	Madrid	13°C heiðskirt	San Francisco	15°C heiðskirt
London	7°C hálfskýjað	Barcelona	-9°C heiðskirt	Orlando/Flórída	27°C hálfskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

KRONAN



VIRK SAMKEPPNI

398
kr./kg.

BAUTABÚRS
SALTKJÖT

**Virk
Sam-
keppni**

59
kr./pk.

TOASTED
OATS
MORGUN-
KORN

349
kr./kg.

BAUTA-
BÚRS
HROSSA-
BJUGU

Grand Italia pasta
500g 4 teg.

49
kr./pk.

20 %
Afsláttur

Af öllum GOÐA
þorramat

95
kr./pk.

COCOA
TREATS
MORGUN-
KORN

Myllu
Brallarábrauð

149
kr./stk.

Coca Cola light
4 x 2 L

599
kr./pk.

Krónu ungnautahakk

799
kr./kg.

Vinber rauð

329
kr./kg.

Eðalslöt
Túnfisksalat

169
kr./stk.

Econom
eldhúsrúllur 8 stk

249
kr./pk.

8

RÚLLUR

Rófur

99
kr./kg.

Hornafj. kartöflur
gullauga 1 kg

99
kr./pk.

Flash 1L
hreinsilögur 2 teg.

279
kr./stk.

**Meira
úrval**

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ



KJÖRKASSINN

Fylgstu með forkeppni Evrópu-söngvakeppninnar?

Já	60,6%
Nei	39,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætlaðu að borða súrmeti á þorranum?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Sautján gefa kost á sér í prófkjöri Samfylkingarinnar og óháðra í Reykjavík:

Þrjú berjast um efsta sætið

STJÓRNMÁL Sautján gefa kost á sér í prófkjöri Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík í vor. Listi flokksins verður boðinn fram undir merkjum hans og óháðra.

Þrjú gefa kost á sér í efsta sætið, borgarfulltrúarnir Dagur B. Eggertsson, Stefán Jón Hafstein og Steinunn Valdíis Óskarsdóttir.

Prófkjörið fer fram dagana 11. og 12. febrúar og verður aðalkjörstaður í Félagsheimili Þróttar í Laugardal. Öllum með kosningarétt og lögheimili í Reykjavík frá og með gærdegnum er heimil þátttaka í prófkjöriinu. Ekki þarf að undirrita

sérstaka stuðningsyfirlýsingu við Samfylkinguna heldur er lítið á þátttöku í prófkjöriinu sem slíka yfirlýsingu. - bps

STEFNA Á FYRSTA SÆTIÐ

Dagur B. Eggertsson, Steinunn V. Óskarsdóttir og Stefán Jón Hafstein gefa öll kost á sér í leiðtogasæti Samfylkingarinnar.



ÞÁTTTAKENDUR Í PRÓFKJÖRI SAMFYLKINGARINNAR

1. sæti	Dagur B. Eggertsson Stefán Jón Hafstein Steinunn Valdíis Óskarsdóttir
2.-3. sæti	Stefán Benediktsson Þórir Karl Jónsson
2.-4. sæti	Sigrún Elsa Smárádóttir
3. sæti	Kjartan Valgarðsson Stefán Jóhann Stefánsson
3.-4. sæti	Björk Vilhelmsdóttir
4. sæti	Andrés Jónsson Oddný Sturladóttir
4.-5. sæti	Gunnar Hjörtur Gunnarsson
4.-6. sæti	Dofri Hermannsson Guðrún Erla Geirsdóttir Ragnhildur Sigríður Eggertsdóttir
5. sæti	Ingimundur Sveinn Pétursson
5.-6. sæti	Helga Rakel Guðrúnardóttir

GLEÐILEGT SUMAR



ORLOFSFERÐIR VR Í SUMAR

Sólin bíður eftir þér úti

Við viljum vekja athygli félagsmanna á því að umsóknarfrestur um ferðir í sólina í sumar er til 1. febrúar.

Nánari upplýsingar á www.vr.is

Starf okkar
effil
þitt starf

VR

www.icelandair.is/london

London



Verð frá

25.690 kr.

Innfalið: Flug báðar leiðir með flugvallarsköttum.

Þetta flug gefur 3.000 Vildarpunkta



ICELANDAIR
www.icelandair.is

Greiddi ungum karlmanni fyrir kynlíf

Mark Oaten, þingmaður Frjálslyndra demókrata í Bretlandi, sagði af sér um helgina þegar upp komst að hann hefði greitt ungum manni fyrir kynlíf. Aðeins tvær vikur eru síðan leiðtogi flokksins sagði af sér vegna hneykslismáls.

LONDON, AP Mark Oaten, þingmaður Frjálslyndra demókrata, annars helsta stjórnarandstöðuflokksins í Bretlandi, tilkynnti á laugardag að hann segði af sér sem talsmaður flokks síns í innanríkismálum. Tilkynningin kom í kjölfar fréttar dagblaðsins News of the World, þess efnis að Oaten, sem er giftur tveggja barna faðir, hefði átt í sambandi 23 ára gamlan mann og greitt honum fyrir kynlíf. Átti sambandið að hafa átt sér stað frá sumrinu 2004 og fram í febrúar 2005. Oaten hafði nýlega fordæmt dómara sem var rekinn úr starfi fyrir samband sitt við mann sem stundaði vændi.

Oaten sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann baðst afsökunar á dómgreinarleysi sínu og þeirri smán sem hann hefði kallað yfir fjölskyldu sína og vandamenn. Um leið sagði hann af sér sem talsmaður flokksins í innanríkismálum.

Það á ekki af Frjálslyndum demókrötum að ganga því aðeins tvær vikur eru síðan formaður flokksins, Charles Kennedy, sagði af sér. Uppsögn hans kom í kjölfarið á miklum deilum innan flokksins sem urðu eftir að hann viðurkendi að hann ætti við áfengisvandamál að stríða og hefði leitað sér hjálpar. Kennedy hafði áður neitað því að hann væri alkóhólisti, en sögusagnir um slíkt höfðu gengið árum saman. Mark Oaten var einn af þeim fjór-



ÞINGMAÐUR Í VANDA Mark Oaten þótti allt eins líklegur til að taka við sem leiðtogi Frjálslyndra demókrata. Sá draumur er á enda.



HÚS HNEYKSLANNA Þinghúsið í London hefur ekki farið varhluta af hneykslismálum þingmanna í gegnum tíðina. MYND/APP

um sem sóttust eftir því að taka við af Kennedy en hætti við framboð sitt á fimmtudag þar sem hann hafði ekki nægan stuðning annarra þingmanna.

Starfandi leiðtogi flokksins, Sir

Menzies Campbell, hvatti flokksmenn sína til að einbeita sér að pólitískum málefnum flokksins og staðhæfði að hneykslið myndi ekki leiða athygli flokksmanna frá þeim. solveig@frettabladid.is

Meirihluti Íslendinga er ánægður með umhverfismál stóriðjufyrirtækja:

Flestir telja sættir mögulegar

UMHVERFISMÁL Stærstur hluti Íslendinga telur stóriðjufyrirtæki standa sig vel í umhverfismálum ef marka má niðurstöður könnunar sem IMG Gallup gerði að beiðni Samtaka atvinnulífsins. Í könnuninni kemur einnig fram að meirihluti fólks telur unnt að sætta sjónarmið umhverfisverndar og orkuvirkjana.

Þátttakendur voru spurðir að því hvort þeir teldu raforkufyrirtæki standa sig vel í umhverfismálum og svöruðu 77 prósent því játandi. Álfyrirtæki komu litlu verr út en 72 prósent töldu þau standa sig vel á því sviði.

Einnig voru þátttakendur spurðir að því hvort þeir teldu hægt að sætta sjónarmið umhverfisverndar og annars



ÁLFRAMLEIÐSLA Meirihluti landsmanna telur stóriðjurnar standa sig vel í umhverfismálum.

vegar gufaflsvirkjunar, sem 88 prósent svarenda játti, og hins vegar vatnsaflsvirkjunar, sem heldur færri, eða 70 prósent, svöruðu játandi.

Könnunin var gerð á tímabilinu

16.-29. nóvember, úrtakið taldi 1.303 og svarhlutfall var 61,5 prósent.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir niðurstöðurnar ekki koma sér sérstaklega á óvart. „Deilan hefur aldrei staðið um það hvort stóriðjurnar standa sig vel eða illa í umhverfismálum heldur hvort eðlileg áhrif stóriðjunnar á náttúruna séu boðleg hér á landi. Í þessu máli þarf að fara miklu lengra en að spyrja um sátt því það þarf að skýra um hvað sáttin snýst. Ég vil vita hvort Samtök atvinnulífsins hafa hug á því að reisa margar aðrar virkjanir á miðhálandi Íslands eða hvort þau ætla að lýsa yfir stuðningi við verndun hálandisins.“ - sh

Ný kynslóð salatbara

Sjáðu þetta

40 spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Léttfeti m/kryddi
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólþurrkaðir tómatar
- Ætípastill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir
0.5 ltr. Sítrónu kristall með í kaupbæti.*

*Tilboðið gildir til 31. janúar



Fiskréttur dagsins

40% afsláttur

Kjöt & fisktorgið

Laxaréttur
með hvítlauk og kóríander
ásamt fersku grænmeti.
Einungis fersk krydd notuð í þennan rétt. Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b. 15-20 mínútur við 200°C eða eldað á pönnu í svipaðan tíma.

TILBOÐ
980 kr/kg
Verð áður 1.649,-

Rúnar Gíslason
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur
kokkarnir.is

Gildir 23. janúar eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval matvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hvað hét forseti Kosovo sem lést á laugardag?
- 2 Hver náði fjórða sætinu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi?
- 3 Hvernig fór landsleikur Íslands og Frakklands í handknattleik?

SVÖR Á BLS. 30

„Klámkvöldi“ á skemmtistaðnum Traffic aflýst:

Skiptu klámi út fyrir blátt

SKEMMTANIR „Við stóðum nú ekki að þessu sjálfir en þetta var flutt hér yfir götuna á annan skemmtistað og haldið þar undir nafninu „Blátt kvöld“, segir Jósep Þorbjörnsson, rekstaraðili Traffic í Keflavík.

Staðurinn auglýsti fyrr í vikunni sérstakt „Klámkvöld“ sem halda átti í gærkvöld en af því varð ekki vegna mótmæla íbúa í bænum auk þess sem lögregla afturkallaði skemmtanaleyfi staðarins nýlega. Það var í staðinn haldið hinu megin við götuna frá Traffic á skemmtistaðnum Hápunktinum undir nafninu „Blátt kvöld“ og gekk að óskum. Þar komu fram



fáklæddar dansmeyjar og boðið var upp á önnur atriði sem sérstaklega voru fyrir karlmenn en kvöld sem þessi hafa reglulega verið haldin á Traffic án vandæða að sögn Jóseps.

Þrátt fyrir að ekkert skemmtanaleyfi væri fyrir hendi var opið á Traffic í gærkvöld og taldi rekstaraðilinn að leyfið fengist aftur eftir helgi enda ekkert ólöglegt í gangi og engin lög verið brotin.

- aðe

TRAFFIC Í KEFLAVÍK Klámkvöldið breyttist í Blátt kvöld og var haldið gegnt skemmtistaðnum Traffic þar sem skemmtanaleyfi Traffic var afturkallað af lögreglu. VÍKURFRÉTTIR

Fíkniefnasali dæmdur:

Fékk tveggja ára fangelsisvist

DÓMSMÁL Maður á þrítugsaldri var á föstudag dæmdur í 2 mánaða fangelsi fyrir að hafa rúm 300 grömm af hassi í fórum sínum en lögreglan gerði húsleit á heimili hans í Garðabæ og fann þar fíkniefnin.

Að auki var maðurinn sakfelldur fyrir að hafa eyðilagt umferðarljós á Hafnarfjarðarvegi í desember í fyrra og stolið verkjalyfjum og sjúkragögnum, ásamt öðrum manni, úr báti við smábátahöfnina í Hafnarfirði.

Maðurinn fékk tólf mánaða fangelsisdóm en fullnustu tíu mánaða af refsingunni var frestað.

- mh



SÖNGVAKEPPNIN Kynnar voru Brynhildur Guðjónsdóttir og Garðar Thor Cortes.

Söngvakeppni Sjónvarpsins:

Fjögur lög áfram

MENNING Fjögur lög eru komin áfram í undankeppni Söngvakeppni Sjónvarpsins en sigurlag keppinnar verður framlag Íslands í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í maí.

Lögin sem komust áfram eru: Strengjadan eftir Davíð Þ. Olgeirsson, Stundin – staðurinn eftir Ómar Ragnarsson, Það sem verður eftir Hallgrím Óskarsson og Þér við hlið eftir Trausta Bjarnason.


Undankeppnin heldur áfram næstu tvo laugardaga og úrslitakeppnin fer fram 18. febrúar. - bps

Forsvarsmenn sveitarfélaga fagna sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Norðurlandi eystra:

Sameining öllum íbúum til hagsbóta

SAMEININGARMÁL Íbúar fjögurra sveitarfélaga á Norðurlandi, Raufarhafnarhrepps, Óxarfjarðarhrepps, Kelduneshrepps og Húsavíkurbæjar, samþykktu í kosningu um helgina að sameina skuli sveitarfélögin í eitt sveitarfélag.

Reinhard Reynisson, bæjarstjóri Húsavíkurbæjar, er sannfærður um að sameining sveitarfélaganna fjögurra muni reynast gæfuspor til framtíðar. „Þetta er ánægjulegur áfangi og niðurstaðan í kosningunni sýnir skýran vilja íbúa á svæðinu til þess að sameina sveitarfélögin. Það er alveg ljóst að með þessari sameiningu mun slagkrafturinn á svæðinu, á öllum mögulegum sviðum, aukast til muna. Við höfum verið að reka saman umsvifamikla þjónustu í gegnum héraðsnefndina en þetta mun hjálpa okkur við að gera stjórnsýsluna á svæðinu öllu



skilvirkari. Þetta er mikilvægt skref í áttina að því að sameina sveitarfélögin enn frekar hér á Norðurlandi.“

Kosningin í Óxarfjarðarhreppi var fyrirfram talin tvísýnust en í kosningunum í haust munaði aðeins sex atkvæðum á því að sameiningartillaga yrði felld í hreppnum. Rúnar Þórarinnsson, oddviti í Óxarfjarðarhreppi, segir niðurstöðuna í kosningunum nú sýna að hugarfar fólks til sameiningar sé að breytast en 96 samþykktu nú sameininguna en 77 voru á móti. „Niðurstaðan að þessu sinni var nú betri en ég þorði að vona. Ég er sannfærður um að þjónustan í Óxarfjarðarhreppi mun ekki skerðast. Þvert á móti er ég sannfærður um þjónustan í héraðinu sé byggð á traustari grunni í stærra og öflugra sameinuðu sveitarfélagi.“

- mh

Nokkrir góðir á Laugaveginum!



Audi A6 1,8 T sjálfsk.
árg. 03 ek. 74.000
verð 2.750.000 kr.



MMC Outlander 2,4 sjálfsk.
árg. 04 ek. 32.000
verð 2.290.000 kr.



MMC Pajero Sport 2,5 D. beinsk.
árg. 05 ek. 8.500
verð 3.370.000 kr.



Skoda Octavia 2,0 beinsk.
árg. 04 ek. 30.000
verð 1.690.000 kr.



VW Passat 4Motion beinsk.
árg. 03 ek. 63.000
verð 1.890.000 kr.



MMC Pajero GLX 3,2 D. sjálfsk.
árg. 04 ek. 53.000
verð 3.690.000 kr.



MMC Pajero GLS 3,5 sjálfsk.
árg. 04 ek. 10.500
verð 4.690.000 kr.



VW Bora Highline 1,6 sjálfsk.
árg. 03 ek. 25.000
verð 1.590.000 kr.


Opið mánudaga til föstudaga 10-18 • Laugardaga 12-16

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | www.bilathing.is



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum



Ertu í stellingum fyrir bílakaup?

*Við erum sérfræðingar í bílafjármögnun.
Hafðu samband í síma **440 4400** eða kynntu þér málið á glitnir.is.*

Breytum hugmyndum í veruleika





SADDAM SELÐUR Götusali í Írak selur geisladiska með myndbandsupptökum af fyrrverandi forseta landsins, Saddam Hussein, á útmarkaði. AP/REUTERS

Fötluðum pilti á leið í feringarfræðslu meinað að taka strætó:

Starfsmaður skutlaði stráknum

SAMGÖNGUR Fyrir tilstuðlan Þórhalls Halldórssonar, deildarstjóra hjá Strætó, komst John Magnus Wright, andlega fatlaður fjórtán ára strákur, í feringarfræðslu eftir að hafa verið meinað að taka strætisvagn.

Sökum þess að John er ekki orðinn sextán ára fær hann ekki örorkukort frá Tryggingastofnun heldur ummönunarkort og dugði það ekki til að fá afgreidda strætómiða á þeim afsláttarfargjöldum sem gilda eiga um öryrkja þegar hann þurfti á að halda. Lét hann móður sína vita að hann sæti því fastur á Hlemmi. Móðir hans hringdi í Strætó bs. þar sem fyrir svörum varð Þórhallur Halldórsson



deildarstjóri sem gerði sér lítið fyrir þegar hann heyrði af vandræðum Johns og sótti hann á einkabíl á Hlemm og skutlaði honum upp í Breiðholt.

Eln Magnúsdóttir, móðir Johns Magnus, sagði að þessi liðveisla Þórhalls væri aðdáunarverð og til eftirbreytni. „Ég er honum afar þakklát og vildi koma því á framfæri þar sem ýmislegt miður hefur verið sagt um Strætó undanfarin misseri.“ - aðe

LÁN Í ÓLÁNI Vagnstjóri Strætó vildi ekki selja John Magnus farmiða á öryrkjagjaldi. Móðir hans segir framkomu deildarstjóra Strætó til mikils sóma.

Franskur sprengjumaður lést:

Misheppnuð sjálfsmorðsárás

AIX-EN-PROVINCE, AP Maður, sem talinn er hafa ætlað að sprengja skattstofu í Aix-en-Provence í Frakklandi í gær, lést þegar sprengja sem hann bar innanklæða sprakk tuttugu mínútum á undan áætlun vegna galla í kveikibúnaði.

Lík mannsins fannst nærri skattstofunni en sprengingin olli litlum skemmdum á byggingunni.

Ekki liggur fyrir hvers vegna manninum var svo uppsigað við skattstofuna en lögreglan í Aix-en-Provence hefur handtekið vin hans sem grunaður er um að eiga aðild að málinu. ■

Samfylkingin í Kópavogi:

Fundað um stöðu Gusts

KÓPAVOGUR Samfylkingin í Kópavogi hefur boðað til fundar um stöðu mála á svæði hestamannafélagsins Gusts og niðurstöðu launaráðstefnu sveitarfélaga.

Ítrekað hefur verið falast eftir húsunum og landinu sem þeim fylgir og háar fjárhæðir boðnar og er starfsemi félagsins í upp-námi vegna þess.

Fundurinn er öllum opin og verður haldinn í kvöld í Hamraborg 11 klukkan 20.30. - sh

ÍRAK

Sundurskotin lík Lögreglan í Bagdad fann sundurskotin lík 23 manna á sunnudag. Mönnunum hafði verið rænt norður af borginni í vikunni en þeir voru á leið heim eftir að þeim hafði verið neitað um inngöngu í þjálfunarbúðir írösku lögreglunnar.

Efnistaka úr Ingólfsfjalli þykir hafa neikvæð áhrif:

Lækkar um 80 metra

MALARNÁM Fyrirhuguð efnistaka úr Ingólfsfjalli mun hafa mikil og neikvæð varanleg áhrif á ásýnd og nánasta umhverfi samkvæmt frummatsskýrslu sem gerð hefur verið.



MIKIL SJÓNMEGUNG Frummatsskýrsla sýnir að malarnám úr Ingólfsfjalli mun hafa frekari áhrif á ásýnd þess en þegar er orðið.

Þetta kemur fram í skýrslu sem unnin var af Fossvélum og er samkvæmt henni engum vafa undirorpið að Ingólfsfjall mun taka sýnilegum breytingum frá því sem nú er gangi allar hugmyndir eftir. Þannig mun fjallsbrúnn breytast á kafla og lækka um 80 metra. Jafnframt verða sjáanleg ummerki í klettabelti fjallsins.

Þó er bent á að framkvæmdin muni ekki hafa ýkja alvarlegar afleiðingar hvað mengun varðar og áhrif á dýralíf og gróðurfarverða minniháttar ef nokkur.

Jákvætt þykir að með efnistöku úr Ingólfsfjalli minnka vegalengdir eftir efni til muna og kostnaður sveitarfélaga minnkar auk þess sem öll umferð flutningatækja á vegum verður minni. - aðe



FRAMKVÆMDIR VIÐ ÁLVERIÐ Í REYÐARFIRÐI Konur á Austurlandi vilja jafnvel enn frekar en karlar fá vinnu hjá Alcoa Fjarðaáli.

Konur vilja vinna í álveri

Ný könnun leiðir í ljós að Alcoa Fjarðaál nýtur meira trausts meðal Austfirðinga en áður.

STÓRIÐJA Íbúar í Fjarðabyggð eru afar jákvæðir í garð Alcoa Fjarðaáls, sem nú reisir stærstu álverksmiðju landsins á Reyðarfirði.

Yfir niúttú af hverjum hundrað einstaklingum, sem spurðir voru í Fjarðabyggð í desember síðastliðnum, sögðust vera frekar eða mjög jákvæðir í garð stórfyrirtækisins.

Í Gallupkönnuninni, sem gerð var fyrir Alcoa Fjarðaál í seinni hluta desember, voru liðlega eitt þúsund Austfirðingar spurðir.

Þótt mikill meirihluti þeirra sé jákvæður í garð fyrirtækisins kemur fram nokkur munur á viðhorfum eftir búsetu. Þannig eru um sjöttú af hverjum hundrað íbúum á Egilsstöðum mjög eða frekar jákvæðir í garð Alcoa Fjarðaáls eða nokkru færri en í Fjarðabyggð.

Spurt var einnig hvort fólk teldi að gott gæti orðið að vinna hjá Alcoa Fjarðaáli. Nær allir íbúar Fjarðabyggðar töldu að gott eða frekar gott yrði að vinna hjá fyrirtækinu eða 94 af hverjum 100 íbúum. Hlutfallið er nokkru lægra utan Fjarðabyggðar. Um áttatíu


prósent íbúa á Fljótsdalshéraði töldu að gott eða frekar gott yrði að vinna hjá Alcoa Fjarðaáli.

Í könnun sem IMG Gallup gerði síðastliðið haust á öllu landinu kom fram að um 58 prósent landsmanna voru mjög eða frekar jákvæðir í garð Alcoa Fjarðaáls. Í Reykjavík-urkjördæmi voru um 27 prósent mjög eða frekar neikvæðir í garð fyrirtækisins en þar reyndist andstaðan einna mest.

Samkvæmt niðurstöðum nýju könnunarinnar eru íbúar á Austurlandi jákvæðari gagnvart Alcoa Fjarðaáli nú en fyrir ári síðan og nýtur fyrirtækið meira trausts nú en þá.

Konur á Austurlandi þykir afar fýsilegt að vinna hjá Alcoa Fjarðaáli. Nær allar, eða 98,5 prósent þeirra sem svara í könnuninni, telja að það gæti orðið mjög eða frekar gott að vinna hjá fyrirtækinu, en liðlega 90 prósent karla.

Úrtak IMG Gallup var 1.135 íbúar á Austurlandi á aldrinu 16 til 75 ára. Tveir af hverjum þremur svöruðu spurningunum í könnuninni. johannah@frettabladid.is



NISSAN PATROL LUXURY



SKIPT_ um væntingar



2006

ENDIST ENDALAUST

Nissan Patrol hefur löngu sannað sig sem einhver traustasti fjallajepi sem völ er á. Hann tekur líka stöðugum framförum og fæst nú með 35" og 37" breytingu frá Arctic Trucks.

Tegund	Verð
Patrol Luxury beinskiptur	3.990.000,-
Patrol Luxury sjálfskiptur	4.090.000,-

Tilboð – 250.000,- kaupauki

33" dekk, stigbretti og dráttarbeisli að verðmæti 250.000 krónur.



Veiðikortíð 2006 og árs aðild að 4x4 klúbbum í kaupbæti!

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Mál Bubba Morthens gegn Hér og nú og 365 prentmiðlum:

Lítur á málið sem ofbeldi en ekki meiðyrði

DÓMSMÁL Meiðyrðamál Bubba Morthens gegn 365 prentmiðlum og Garðari Úlfarssyni, fyrrverandi ritstjóra Hér og nú, var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag en Bubbi segir sjálfur að ofbeldi gegn sér og sinni fjölskyldu í skjóli ritfrelsis, verði ekki liðið.

„Ég lít á málið með þeim augum að um ofbeldi hafi verið að ræða, en ekki bara meiðyrði,“ sagði Bubbi í gær.

Garðar Örn Úlfarsson, fyrrum ritstjóri Hér og nú, telur Bubba ekki hafa neitt til síns máls. „Ég er handviss um það að við vinnum þetta mál en við munum færa rök fyrir okkar sjónarmiðum þegar þar að kemur í dómssal.“



BUBBI MORTHENS Segir grein blaðsins hafa verið ofbeldi gegn sér og fjölskyldu sinni.

GARÐAR ÖRN ÚLFARSSON Kveðst handviss um að Hér og nú vinni málið fyrir dómi.

Bubbi Morthens fer fram á 20 milljónir í skaðabætur.

Aðalmeðferð mun fara fram þann 10. mars að loknu millþinghaldi. - mh

Vertu á nýjum Ford Escape. Lægsta verð á öldinni.

Sjálfskiptur sportjeppi Aðeins 2.590 þús. kr.

Frábært tilboð á stæðilegri sportjeppa.

Skiptu um bíl. Komdu í dag. Vertu á Ford Escape.



● Ford Escape XLS
2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.590.000 kr.
Bílasamningur 35.200 kr.
Rekstrarleiga 47.900 kr.



● Ford Escape XLT
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.120.000 kr.
Bílasamningur 42.420 kr.
Rekstrarleiga 55.860 kr.



● Ford Escape XLT Sport
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.250.000 kr.
Bílasamningur 44.190 kr.
Rekstrarleiga 57.990 kr.



● Ford Escape Limited
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.460.000 kr.
Bílasamningur 46.990 kr.
Rekstrarleiga 61.570 kr.

GG ALMANNTENSIL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL - 09/05/06



Vertu á stæðilegri bíl. Escape.

Nýr og fallegri Ford Escape. Skoðaðu vinsæla sportjeppann frá Ford. Afl, rými og ríkulegur búnaður ásamt frábærum aksturseginnleikum og hagstæðu verði gera

það að verkum að ánægðir eigendur Toyota RAV4 og Honda CR-V skipta um bíl. Veldu Ford Escape. Kjörin eru góð. Þú leigir Ford Escape eða kaupir og þú færð vestrænan sportjeppa í fullri stærð. Berðu saman bíla: Ford Escape og Toyota RAV4. Komdu í Brimborg, vertu á nýjum Escape.


Tugþúsundir aukalega. Þú ert klár í snjóinn. Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af snjónum. Fyrir utan frábært verð færðu aukalega Nokian gæða vetrardekk þér að kostnaðarlausu - klár undir bílinn og sumardekkinn í farangursrýmið. Verðmæti 85.000 krónur. Kynntu þér frábær kjör á Ford Escape.

Smelltu þér á netið: www.ford.is - skoðaðu verð, búnað og tækni Ford.

Gildir aðeins til 31. janúar eða meðan birgðir endast.



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.



* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukni er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarla. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



MÓTMÆLT MEÐ NEKT Dýraverndunarsinnar lágu allsnaktir fyrir utan ráðhúsið í Barcelona um helgina og mótmæltu því að dýr væru drepin til að búa til loðfeldi. Á skilti ungu konunnar stendur: „Hve mörg líf fyrir eina kápu?“ AP/REUTERS

Samningur um tímamótarannsókn undirritaður:

Kanna framlag eldri borgara

FÉLAGSMÁL Samningur um rannsókn á framlagi eldri borgara til samfélagsins hefur verið undirritaður. Rannsóknin er samstarfsverkefni Félags eldri borgara, Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands og Sambands íslenskra sparisjóða.

Ingibjörg H. Harðardóttir, lektor í sálfræði við KHÍ, stýrir framkvæmd verkefnisins. Hún segir meginmarkmið rannsóknarinnar vera að kanna hvert framlag eldri borgara sé til samfélagsins, hvert framlag samfélagsins sé til eldri borgara og enn fremur hverjar skoðanir almennings séu á þessu gagnkvæma framlagi.



UNDIRRITUN Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara, Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða, og Ingibjörg H. Harðardóttir frá Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Bryndís Víglundsdóttir, sem á sæti í undirbúningshópi Félags eldri borgara, bendir meðal annars á að nokkur umræða hafi verið um kjör og aðbúnað fólks sem orðið sé lasið og ósjálfbjarga og búi á stofnunum fyrir aldraða. Upplýsingar um fjölda, aðbúnað, aðstöðu og aðstöðuleysi liggi fyrir. Þá sé einnig rætt um fátækt aldraðra og mætti draga þá ályktun af umræðunni að allir íbúar landsins, 67 og eldri, sitji fastir í fjötrum fátæktar. Hins vegar sé það svo að stór hópur gamals fólks búi við góða heilsu, góðan efnahag og taki á ýmsan hátt virkan þátt í hinu daglega lífi. -jss

Byggðastofnun tapar máli:

Gert að greiða 2,6 milljónir

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest dóm héraðsdóms og þar með gert Byggðastofnun að greiða tæpar 2,6 milljónir króna til kaupanda jarðarinnar Króks í Ásahreppi. Byggðastofnun hafði lást að segja kaupandanum, fyrirtækinu Suðutækni, fyrir fjórtán árum að vatnsréttur í Þjorsá fylgdi ekki jörðinni en rétturinn hafði verið seldur árið 1918.

Hæstiréttur féllst ekki á skaðabótakröfu kaupandans en gerði Byggðastofnun að greiða málskostnað að upphæð 1,3 milljónir króna. Jörðin var keypt á nauðungaruppboði í febrúar 1991 á 10,6 milljónir króna. -gag

Hrogn og Lifur 399 kr.kg. Stórlúða, smálúða, lax, fiskréttir, fiskibollur, plokkfiskur

Fiskbúðin Hafrún
Skiopholti 70
Sími 553 0003

Fiskbúðin Árbjörg
Hringbraut 119
Sími 552 5070

Fiskbúðin Vör
Höfðabakka 1
sími 587 5070



SKÍÐASVÆÐI DALVÍKUR Talið er að maðurinn hafi runnið til og rotast.

Skíðaslys í Böggvisstaðafjalli: Fannst með lítilli meðvitund

SLYS Maður á þrítugsaldri fannst meðvitundarlítill í Böggvisstaðafjalli, skíðasvæði Dalvíkinga, á laugardag. Maðurinn var með sár á höfði. Fáir voru á ferli í fjallinu og má telja manningum það til happs að hann fannst. Sjúkrabíll var kallaður á staðinn og var maðurinn fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þar komst hann til meðvitundar en meiðli hans séu ekki alvarleg.

Að sögn lögreglu á Dalvík voru engin vitni að slysinu en maðurinn virðist hafa rekið sig í ofarlega í fjallinu og runnið niður ef marka má blóðslóð í fjallinu. -fgg

Áfengis- og tóbakssala: Aukning um tæpar 10 prósent

VÍMUEFNI Vínbúðir seldu áfengi fyrir 13,1 milljarð króna á síðasta ári sem er aukning um 8,6 prósent frá árinu áður. Selt magn áfengis nam 17,2 milljónum lítra sem er 8,16 prósent aukning milli ára.

Vínbúðirnar seldu tóbak fyrir sjö og hálfan milljarð árið 2005.

HÉRAÐSDÓMUR

TVEIR SEKTADIR Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt tvo menn til að greiða rúmar þrjú hundruð þúsund krónur til ríkissjóðs fyrir að hafa tæpar þrettán grömm af amfetamíni og lítillæði af hassi í fórum sínum. Báðir játuðu brot sitt skýlaust.

Hugsaðu um hollustuna!

Ef þú vilt að hrökkbrauðið þitt sé hollt en líka sérlega bragðgott skaltu velja Burger hrökkbrauð. Í því er enginn viðbættur sykur og ekkert ger. Svo er bragðið er ómótstæðilegt. Það er engin tilviljun að Burger er mest selda hrökkbrauðið á Íslandi.





Peugeot 307 SW
frá **1.995.000** kr.

Nýr Peugeot 307 SW

fær þig til að hugsa: „Meira fyrir peninginn“

www.peugeot.is

Nýr Peugeot 307 SW, arftaki eins vinsælasta bíls í Evrópu lyftir merkinu enn hærra – og á enn fleiri sviðum. Nýr og flottur að framan. Nýjar ofurhagkvæmar vélar. Nýjar viddir í öryggi, þægindum og aksturseiginleikum. Þú velur úr miklu úrvali af leiftursnöggu bensínvélum og kraftmiklum HDI-vélum og útfærir bílinn eins og hentar þinni fjölskyldu. Nýr Peugeot 307 SW hlaðinn er búnaði á nýju verði þannig að þú færð enn meira fyrir peninginn en þú átt að venjast. Peugeot 307 SW er strax farinn að fá landann til að hugsa „meira fyrir peninginn“ – komdu, prófaðu og lyftu þér og fjölskyldu þinni upp með bjartasta ljóninu á veginum.

307




BERNHARD ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

Svona erum við

> Atvinnuþáttaka námsmanna á 1. ársfjórðungi hvers árs



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

SPURT & SVARÐ

OFBELDIBROT

Allt of mikið ofbeldi

Fram kom í Fréttablaðinu fyrir skemmstu að daglega leita fimm manns aðhlynningar á slysa- og bráðamóttöku Landspítalans vegna ofbeldisverka.

Geir Jón Þórisson yfirlögglupjónn segir tölur koma sér á óvart.

Koma þessar tölur lögreglu á óvart? Við höfum nú ekki neitt til að bera okkur saman við því við trúlega höfum ekki sömu tölur og slysavarðstofan. En jú, ef þetta er svona alla daga vikunnar þá finnst mér það mjög mikið – og auðvitað allt of mikið.

Hversu stór hluti ofbeldisbrota kemur inn á borð lögreglu? Það er auðvitað voðalega erfitt að fullyrða um það en ég held að öll alvarlegustu málin komi til okkar. Það kæmi mér ekkert á óvart þótt sjöttu prósent mála bærust okkur.

Hefur ofbeldisbrotum fjölgað mikið á undanförunum árum?

Ég merki það ekki af tölunum okkar, þvert á móti hafa okkar tölur lækkað. Á árunum 2000 til 2004 fækkaði ofbeldisbrotum í miðborginni um fjórðungi prósent samkvæmt rannsókn sem unnin var fyrir okkur. Það er aftur staðreynd að alvarlegum líkamarsárum hefur fjölgað.



GEIR JÓN ÞÓRISSON
Yfirlögglupjónn

Miklar líkur á stjórnaarskiptum

Miklar líkur eru á því að stjórnaarskipti verði eftir þingskosningarnar sem haldnar eru í Kanada í dag.

Kanadabúar kjósa sér nýja ríkisstjórn í dag og hafa skoðanakannanir ítrekað sýnt æ sterkari stöðu Íhaldsflokksins sem setið hefur í stjórnaarskipti undanfarnir þrettán ár. Fyrir helgi var jafnvel talið hugsanlegt að íhaldsmenn gætu myndað meirihlutastjórn.

Stjórnin fell

Minnihlutastjórn Frjálslynda flokksins, undir forystu Pauls Martin, var felld í vantraustsatkvæðagreiðslu í nóvember síðastliðnum í kjölfar hneykslismáls innan flokksins. Stjórnin hafði þá setið í 17 mánuði.

Dagana 23. - 30. janúar kostar miðinn aðeins kr. 600 ef greitt er með MasterCard korti.

LAUGARAS BÍÓ

REGNBÖGINN

SMÁRA BÍÓ

Bióklúbbur MasterCard
www.kreditkort.is/klubbar

Björgunarleiðangur fyrir Guero

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Hvað gera óútreiknanlegir snillingar eftir að þeir misstíga sig loksins með frekar slappri breiðskífu? Jú, þeir gefa út plötuna aftur, endurunna af öðrum snillingum.

Í fyrsta skiptið á ferli Beck náði hann ekki að enduruppgötva sjálfan sig, með útgáfu Guero. Þar vann hann aftur með Dust Brothers, sem höfðu áður gert með honum hina frábæru Odelay. Fyrir vikið færði hann okkur í fyrsta skiptið á borð plötum sem hljómaði eins og eitthvað sem hann hafði gert áður. Slíkt hentur dulúð Becks ekki neitt. Það er því óhætt að segja að Guero hafi verið vonbrigði.



BECK

GUEROLITO

Niðurstaða: Beck reynir að bjarga síðustu breiðskífu sinni með því að láta vel valda tónlistarmen endurvinnna lög. Þrátt fyrir að hér séu sömu lög og á Guero, er Guerolito mun ferskari og vel heppnaði plata.

Því ekki þá að vinna plötuna upp á nýtt og gefa hana út undir öðru nafni? Guerolito inniheldur öll lög 13 af Guero, auk eins nýs lags. Lög heita þó mörg nýjum nöfnum, enda oft gjörbreytt frá fyrri útsetningu. Þessi björgunartilraun Beck virkar bara alveg ágætlega. Hér fær hann til liðs við sig sveitir á borð við Air, Boards of Canada, Diplo, Octet og fleiri. Hverjum er skaffað lag á plötunni og greinilega fengin fyrir- mæli um það að viðhalda a.m.k. söngnum eins og hann var í eldri útgáfunni, því enginn brýtur hann niður.

Útkoman er mun skemmtilegri og lifandi en platan sjálf var. Einnig vekur furðu mína hversu heilsteypt platan er þrátt

fyrir að ólíkir menn hafi grufað í hverju lagi. Svona hefði Beck átt að hljóma eftir þriggja ára pásu, ekki eins og hann hefði verið að reyna endurgera Odelay. Það er að minnsta kosti á hreinu að ef ég fæ einhvern tímann þá hvöt að hlusta á lögín á Guero, þá á ég frekar eftir að setja þessa plötú í spilarann en þá upprunalegu. Undarlegt.

Það breytir því ekki að Beck virðist vera að staðna. Ég vona a.m.k. að ef hann ætlar að fara taka upp á því, þá væri ég persónulega ánægðari ef hann myndi staðna í trúbadorsstemningunni sem hann færði okkur á meistara- stykki sínu Sea Change.

Birgir Örn Steinarrson

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hjartaknúsarinn Brad Pitt er orðinn löglegur fósturfaðir þeirra Maddox og Zahara sem kærasta hans Angelina Jolie ættleiddi á sínum tíma. Tveir mánuðir eru liðnir síðan Pitt sótti um að ættleidda börnin. Breytast eftirnófn þeirra núna úr Jolie í Jolie-Pitt. Pitt og Jolie eiga sjálf von á barni og bíða mjög spennit eftir framvindu mála.



Leikarinn Tom Cruise kvartaði yfir fyrirhugaðri útsendingu þáttar af South Park sem átti að sýna í Bretlandi. Í þættinum er gefið í skyn að Cruise sé samkynhneigður. Þar reyna Nicole Kidman, fyrrum eiginkona Cruise, og John Travolta að lokka hann út úr lokuðum skáp. „Hefur þetta ekki gengið nógu lengi? Það er tími kominn fyrir þig að koma út úr skápnun. Þú ert ekki að gabba neinn,“ segir teiknuð útgáfa af Kidman í þættinum. Hætt hefur verið að sýna þáttinn en hann hefur þegar verið sýndur í Bandaríkjunum. Vakti hann þá mikið umtal.



Talið er að leikkonan Meg Ryan hafi í hyggju að ættleidda kúnverska stúlku. Ryan langar til að verða móðir á nýjan leik en hún á fyrir soninn Ryan sem er á unglingsaldri. Átti hún hann með fyrrum eiginmanni sínum Dennis Quaid. Ryan mun bæstast í hóp Hollywood-stjarna á borð við Angelina Jolie, Diane Keaton, Sharon Stone og Nicole Kidman, sem allar hafa ættleitt börn.



Öfurfyrirsætan Kate Moss sást dansa við Jack Osbourne, son rokkrans Ozzy, í eftirpartí Golden Globe-verðlaunanna. Moss og Osbourne hafa verið vinir í þó nokkurn tíma en bæði hafa þau þurft að ganga í gegnum eiturlyfjameðferð. Orðrómur er uppi um að þau séu saman en hann hefur ekki fengið staðfestur.

SYNCRO

Heyrnartæki með gervigreind

Erum með þjónustu á Akureyri - Ísafirði - Egilsstöðum

Betri heyrn - bætt lífsgæði

www.heyrnartækni.is

Glæsibær Álheimum 74 104 Reykjavík • Tryggvabraut 22 600 Akureyri • sími: 568 6880

- Afgreiðslutími innan þriggja vikna
- Bjóðum margar tegundir af sjálfvirkum, stafrænum heyrnartækjum
- Verð frá 47.000 – 170.000 kr fyrir eitt tæki
- Persónuleg og góð þjónusta

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÖLUNUM KRINGLUNNI

STARSTA KVÍKMYNDAHÓFS LANDSING • HÁÐAÞORGI • S. 538 1119 • www.haskolabio.is

FRÁBER, RÓMANTÍSK GAMANMYND FRÁ FRAMLEIÐ-
ENDUM "BRIDGET JONES" S DIARY. BYGGÐ Á BÓK
JANE AUSTEN, SEM KOMIÐ HEFUR ÚT Á ÍSLENSKU.

KEIRA KNIGHTLEY
PRIDE & PREJUDICE
HROKI & HLEYPIDÓMAR

FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRA "AMERICAN BEAUTY"
JAKE GYLLENHAAF FER Á KOSTUM ÁSAMT ÓSKARS-
VERÐLAUNAHÖFUNUM JAMIE FOXX OG CHRIS COOPER

JARHEAD

D.Ó.J. V.J.V. H.J.
KVÍKMYNDIR.CO TOPPS.IS MBL

FRÁBER, RÓMANTÍSK GAMANMYND FRÁ FRAMLEIÐ-
ENDUM "BRIDGET JONES" S DIARY. BYGGÐ Á BÓK
JANE AUSTEN, SEM KOMIÐ HEFUR ÚT Á ÍSLENSKU.

KEIRA KNIGHTLEY
PRIDE & PREJUDICE
HROKI & HLEYPIDÓMAR

ROMAN POLANSKI

OLIVER TWIST

FRÁ ÖRNABYGGINGAHEGGLERANUM ROMAN POLANSKI.
BYGGÐ Á NÓGGRUM SKALEGGUM ÖRNABÓK ÖRNABÓK.
MEÐ ÖRNABYGGINGAHEGGLERANUM ÖRNABÓK ÖRNABÓK.

JENNIFER ANISTON KEIRA KNIGHTLEY MAURA TIERNEY RUFFALO

Rumor has it...

Byggð á sönnum orðrómi.

FRÖNSK KVÍKMYNDAHÁTÍÐ
12.-30. JANÚAR

Depuis qu'Otari est parti
Sidan Otari fór

Les égariés
Villigötur

Les poupées russes
Bábúska

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
PRIDE & PREJUDICE KL. 5:20-8-10:40 PRIDE & PREJUDICE VIP KL. 8-10:40 OLIVER TWIST KL. 5-8-10:40 B.I. 12 JARHEAD KL. 8-10:40 B.I. 16 RUMOR HAS IT KL. 3:50-6-8:10 DOMINO KL. 10:40 B.I. 16 CRONICLES OF NARNIA KL. 5 CRONICLES OF NARNIA VIP KL. 5 KING KONG KL. 6-9:30 B.I. 12 LITLI KUILLINN isl. tal KL. 3:50	RUMOR HAS IT BROTHERS GRIMM KL. 8-10 KL. 8-10:20 B.I. 14	OLIVER TWIST DOMINO CRONICLES OF NARNIA KING KONG KL. 6-9 B.I. 12 KL. 6 B.I. 16 KL. 6-9 KL. 8:15 B.I. 12
	AKUREYRI	
	DOMINO KL. 8-10 B.I. 16 JARHEAD KL. 8-10:15 B.I. 16	

ÁLFABAKKI 587 8900

KRINGLAN 388 8800

AKUREYRI 641 4664

KEFLAVÍK 431 1770

SAMBÍÖLIN

HÁSKÓLABÍÓ

PRIDE & PREJUDICE KL. 5:30-8:05-10:40
OLIVER TWIST KL. 5:30-8-10:30 B.I. 12
CRONICLES OF NARNIA KL. 5:30
KING KONG KL. 9 B.I. 12
RUMOR HAS IT KL. 8:15-10:15
HARRY POTTER OG ELDB. KL. 6 B.I. 10

BABÚSKA - LE POUPEES RUSSES KL. 5:30
VILLIGÖTUR - LÉS ÉGARÉS KL. 10
SÍÐAN OTAR FÓR - OTAR EST PARTI KL. 8



MEÐ STJÓRANUM Wilson Pickett, til vinstri, ásamt „stjóranum“ Bruce Springsteen og Paul Shaffer á tónleikum í mars árið 1999.

Wilson Pickett látinn

Sálarsöngvarinn Wilson Pickett, sem var hvað þekktastur fyrir lögin Mustang Sally og In the Midnight Hour, lést af völdum hjartaáfalls síðastliðinn fimmtudag. Hann var 64 ára að aldri.

Pickett hafði átt við heilsuvandamál að stríða undanfarið ár.

„Hann skilaði sínu. Hann lifði frábæru lífi, ég elskaði hann og ég er viss um að hann hafi verið vel liðinn,“ sagði Michael Wilson Pickett, sonur hans.

Pickett, sem var þekktur undir nafninu Wicked Pickett, sló í gegn þegar In the Midnight

Hour komst á lista yfir 25 vinsælustu lögin í Bandaríkjunum árið 1965. Fylgdi hann því á eftir með Mustang Sally ári síðar.

„Wilson Pickett, sem var Detroit-búi eins og ég, var einn besti sálarsöngvari allra tíma,“ sagði söngkonan Aretha Franklin í yfirlýsingu sinni. „Hans verður sárt saknað. Ég er þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að tala við hann fyrir skömmu síðan.“

Pickett og tónlist hans var höfð til hlíðsjónar við gerð myndarinnar vinsælu The Commitments árið 1991 án þess að Pickett sjálfur kæmi fram í myndinni.

Ormarnir koma í mars

Tölvuleikurinn Worms kemur út fyrir PSP og Nintendo DS um miðjan mars. Aflið í nýju handtölvunum gerir það kleift að Worms getur haldið öllum sínum möguleikum og á sama tíma boðið upp á bestu orma-gervigreind og vopnakerfi sem sést hefur.

Í leiknum er fjöldinn allur af nýjum möguleikum, ásamt miklum húmor. Spilun leiksins hefur verið háværkuð fyrir skjái PSP og DS en hér er snúið aftur í hina klassísku spilun í tvívídd.

Á tónleikaferð

Hljómsveitin Kimono fer í tónleikaferð um Evrópu í byrjun febrúar til að fylgja eftir annarri plötu sinni, Artic Death Ship, sem kom út við mjög góðar undirtekir á síðasta ári.

Kimono mun halda tónleika í Englandi, Írlandi, Sviss, Þýskalandi, Austurríki, Belgíu og Hollandi en platan kemur út í Evrópu þann 10. febrúar.

Meðlimir Kimono hafa verið búsettir í Berlín undanfarið hálf tónleikaferð

ár og hefur hljómsveitin þegar haldið tónleika víða í Þýskalandi.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Sandra Bullock hyggst rífa húsið sitt í Austin Texas en hún átti í harðri laga-deilu um húsið við byggingafyrirtækið sem byggði það. Stjórnan fékk tæplega átta milljónir dollara frá byggingafyrirtækinu sem stóð sig augljóslega illa við byggingu þess og nú hyggst hún rífa húsið og byggja nýtt í staðinn á sömu lóð.

Leikkonan Scarlett Johansson þurfti að svara nærgöngulum spurningum leikstjórans Woody Allen við tókur á myndinni Match Point. „Stundum vorum við að taka erfiða senu og þá öskraði Woody „Klippa!“ og sneri sér að mér og spurði; „Jæja, hvað varstu svo gömul þegar þú misstir meydóminn?“ sagði Scarlett sem brá talsvert þegar Woody sótti svo hart að henni.

Þreska stjarnan Keira Knightley mútaði öryggisvörðum til þess að hleypa vinum sínum inn í forpartí fyrir Golden globes-verðlaunaafhendinguna. „Hvað gat ég annað gert? Ég brosti mínu blíðasta til öryggisvarðanna og sagði þeim að við værum átta með aðeins tvo miða. Þeir sögðu við mig: „Hvað áttu fleira?“ og ég sagðist vera með tvo snakkpoka. Þeir tóku það gott og gilt svo við komumst inn í eitt flottasta partí ársins með tveimur snakkpokum,“ sagði Keira hress.

Meðlimir hljómsveitarinnar Coldplay eru bálreiðir þessa dagana því miðar á tónleika þeirra í Las Vegas eru

í boði á netinu á um 25 sinnum hærra verði en þeir kostuðu í miðasöluinni. „Coldplay rukka aldrei af hátt verð inn á tónleika því þeir vilja að þeirra mestu aðdáendur geti keypt sig inn á þá en ekki bara þeirra ríkustu aðdáendur. Þeir taka mjög hart á þessu,“ sagði heimildarmaður. „Því miður geta þeir lítið gert við því að gráðugir aðilar kaupi fullt af miðum og selji þá á netinu fyrir margfalt hærra verð.“

Einstakt enskunámskeið

Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.



- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jökvaðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Aðhyrnun og lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.pareto.is
eða í sínum 540-8400 eða 820-3799

T H R E S H O L D

Threshold

Threshold hefst í kvöld. Fylgstu með frá byrjun.

Dr. Molly Caffrey og félagar keppa við tímann og hætta lífi sínu til að bjarga bandarísku þjóðinni frá aðsteðjandi ögn. Ný ævispennandi þáttaröð sem enginn má missa af.

mán
kl. 22



Arnar beint í byrjunarliðið

Arnar Þór Viðarsson spilaði allan leikinn fyrir Twente sem tapaði 3-2 fyrir Ajax í hollensku úrvalsdeildinni í gær. Arnar gekk til liðs við félagið frá Lokeren í vikunni en mistök hans urðu til þess að Ajax jafnaði á lokamínútunum áður en liðið hirti öll stigin.

sport

sport@frettabladid.is

TEITUR ÞÓRÐARSON, ÞJÁLFARI KR, ER AÐ INNLEIÐA ATVINNUMENNSKUNA Á ÍSLANDI:

Allir leikmenn KR fá jakkaföt

Teitur Þórðarson, þjálfari KR, er hægt og bitandi að innleiða atvinnumennskuna í íslenska fótboltann. Hann tók upp á því að láta leikmenn sína æfa átta sinnum í viku, bæði morgna og kvölds en þetta fyrirkomulag leggst vel í leikmenn liðsins. Teiti finnst einnig mikilvægt að menn séu snyrtilegir til fara og því fá allir leikmenn eins jakkaföt til að klæðast þegar þeir eru á vegum liðsins. „Það getur vel verið að það sem við erum að gera sé nýtt hérna en þegar leikmenn eru á vegum liðsins þá er

mikilvægt að þeir geri það á virðingarverðan hátt,“ sagði Teitur við Fréttablaðið í gær. „Það er til að mynda verið að fara út til Spánar í æfingaferð í næsta mánuði og mér finnst mikilvægt að liðið líti vel út. Þetta þekkist vel hjá öllum liðum ytra, sama hversu stór þau eru. Mér finnst það mikilvægt að þegar liðið er að ferðast saman þá liti það eins út og menn séu ekki að þvælast um í götöttum gallabuxum og slíkum fötum sem eru í tísku í dag. Í vissum tilfellum munu leikmenn verða skyldugir til að klæðast fötunum en ekki alltaf. Við erum ekki bara

með jakkafötin heldur eru leikmenn líka með æfingagalla sem við notum mikið.“ Auk þess að æfa á morgnanna og láta leikmenn fá jakkaföt hefur hann sett strangt bann á farsímanotkun innan búningsherbergisins. „Það er stranglega bannað að vera með síma í búningsklefanum. Þegar leikmenn koma þangað eiga þeir að einbeita sér að því sem þeir eru að fara að gera, hvort sem það er æfing eða leikur. Það er mjög truflandi og óviðeigandi að símar séu að hringja í tíma og ótíma. Menn eru ekki svo mikilvægir að þeir geti ekki lagt símann til hliðar þegar þeir eru á æfingu og einbeitt sér að verkefninu,“ sagði Teitur að lokum.



> Jóhann Birnir á heimleið?

Jóhann Birnir Guðmundsson er á leiðinni frá Örgryte í Svíþjóð og gæti snúið heim til Íslands. Jóhann sagði við Fréttablaðið í gær að ef ekkert erlent lið sýndi honum áhuga fljótlega væri líklegast að hann kæmi heim og spilaði hér næsta sumar. Hans gamla félag Keflavík hefur mikinn áhuga á því að fá hann til sín auk þess sem Íslandsmeistarar FH hafa hug á að krækja í Jóhann.



Sigurður Ragnar Eyjólfsson: Stefni á að spila næsta sumar

FÓTBOLTI Sigurður Ragnar Eyjólfsson, leikmaður ÍA, er á góðum batavegi eftir aðgerð sem hann gekkst undir í byrjun desember. Sigurður sleit krossband á æfingu hjá Skagamönnum í september en stefnir ótraudur á að spila næsta sumar.

„Ég hjóla og lyfti mikið og svo má ég byrja að skokka í næsta mánuði,“ sagði Sigurður Ragnar í gær. „Aðgerðin gekk mjög vel og allt hefur gengið að óskum hjá mér auk þess sem ég er í mjög góðum höndum. Ég stefni á að ná að spila næsta sumar og það hjálpar mér mikið að hafa markmið í endurhæfingunni. Það er þó ljóst að ég byrja ekki að æfa fyrr en ég hef náð mér alveg.“

Það er talað um að menn geti æft sex mánuðum eftir þessi meidsli og sá tími er í byrjun júní hjá mér. Ég næ því vonandi nokkrum leikjum í sumar.“ - hph

KR auðveld bráð fyrir Keflavík

Keflvíkingar eru komnir áfram í bikarkeppninni í körfubolta eftir öruggan sigur á KR, 74-98, þar sem A.J. Moye var besti maður vallarins.

KÖRFUBOLTI Keflvíkingar unnu öruggan sigur á KR í átta liða úrslitum bikarkeppni KKÍ og Lýsingar í gær en lokatölur urðu 74-98 fyrir gestina. Leikurinn var bráðfjörugur og skemmtilegur en nokkurs fautaskapar gætti inn á milli og til að mynda var Omari Westley sendur í sturtu fyrir að gefa einum Keflvíkingnum olnbogskot.

„Það er vægt til orða tekið að segja að þetta hafi ekki verið okkar dagur. Þetta snerist um það hvor leikstíllinn hefði betur og í kvöld unnu þeir og þegar Keflvíkingar fá að spila eins og þeir vilja er ávallt við ramman reip að draga,“ sagði Herbert Guðmundsson, þjálfari KR, eftir leikinn.

„Þeir gerðu það sem þeir vildu og við leyfðum þeim það, þegar það gerist verður þetta bara útkoman. Mínnir menn gáfust ekki



upp en það var bara ekki nóg, ekki gegn toppliði eins og Keflavík,“ sagði Herbert.

„Ég er mjög ánægður með sigurinn. Margir spáðu okkur tapi í þessum leik enda höfum við verið að spila illa að undanförunu en við lékum vel og áttum sigurinn skilinn,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflvíkinga, eftir leikinn en þetta er hverju orði sannara þar sem lærisveinar hans voru fremri á öllum sviðum körfuboltans í gær.

„KR-ingar börðust vel og þeirra möguleiki fólst í því að hleypa leiknum í einhverja vitleysu en við vorum einbeittir og tókum ekki þátt í henni.“

hjalti@frettabladid.is

AJ MOEY Bandaríkjamadurinn fór á kostum í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



EIÐUR SMÁRI Þótti besti maður vallarins í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Chelsea og Charlton skildu jöfn:

Eiður skoraði

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen var á skotskónum fyrir Chelsea en hann gerði eina mark liðsins í 1-1 jafntefli gegn Charlton. Hermann Hreiðarsson gat ekkert gert í því þegar Eiður Smári potaði boltanum yfir línuna af stuttu færi og tók þar með forystuna fyrir Englandsmeistarana.

Marcus Bent jafnaði fyrir Charlton í síðari hálfleik í sínum fyrsta leik fyrir félagið og liðin sættust því á skiptan hlut. - hph

LEGACY

ALLIR VEGIR FÆRIR

Nýr Subaru Legacy er ennþá stærri og sterkari en áður. Samt er hann sigildur Subaru með sitengt aldrif (Symmetrical AWD), Boxer vél og einstaka aksturseginnleika. Þeir sem átt hafa Subaru vita hvað við erum að tala um, enda koma þeir aftur og aftur. Við bjóðum eigendur annarra tegunda velkomna í hóp Subaru-eigenda!

Tegund	Verð
LEGACY Sedan beinsk.	2.210.000,-
LEGACY Sedan sjálfsk.	2.440.000,-
LEGACY Wagon beinsk.	2.390.000,-
LEGACY Wagon sjálfsk.	2.590.000,-

www.subaru.is

- Ný 2,0 lítra vél - 165 hö.
- Tölvustýrð loftkæling
- Sitengt aldrif (AWD)
- Kastarar í stuðara
- 17" álfelgur
- Hraðastillir



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Bíkarkeppni KKÍ:

KR-KEFLAVÍK 74-98
Stig KR: Fannar Ólafsson 19, Omari Westley 18, Pálmi Sigurgeirsson 16, Steinar Kaldal 12, Brynjar Þór Björnsson 9, Niels Dungal 4, Skarphéðinn Ingason 2.
Stig Keflavíkur: AJ Moye 25, Magnús Þór Gunnarsson 23, Arnar Jónsson 20, Sverrir Þór Sverrisson 9, Halldór Halldórsson 8, Guðjón Skúlason 5.
 SN/EFELL-NJARÐVÍK 94-98
Stig Snæfells: Nate Brown 29, Magni Hafsteins-son 23, Igor Beljanski 20, Jón Ólafur Jónsson 16.
Stig Njarðvíkur: Jeb Ivey 39, Egill Jónsson 15, Brenton Birmingham 15, Friðrik Stefánsson 14.
 SKALLAGRÍMUR-ÞÓR 93-81
Stig Skallagríms: Joe Stravinski 33, George Byrd 21, Dimitar Karadzovski 16, Pétur Már Sigurðsson 15.
Stig Þórs: Mark Woodhouse 19, Mario Miles 15, Jón Orri Kristjánsson 14, Helgi Freyr Margeirsson 11.

DHL-deild kvenna:

STJARNAN-FH 25-21
Mörk Stjórnunnar: Sólveig Lára Kærnested 6, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 5/2, Hind Hannesdóttir 4, Rákel Dögg Bragadóttir 3/3, Kristín Clausen 3, Harpa Sif Eyjólfssdóttir 3, Elizabet Kowal, 1.
Varin skot: Jelena Jovanovic 22.
Mörk FH: Ásdís Sigurðardóttir 6, Maja Grön-bæk 6/2, Þóra B. Helgadóttir 3, Guðrún Drífa Hólmeirsdóttir 2, Arna Gunnarsdóttir 2/1, Eva Albrechtsen 1, Sigrún Gílsdóttir 1.
Varin skot: Jolanta Slapikieni 5, Laima Miliaskaite 8.
 VALUR-GRÓTTA 29-18
 VÍKINGUR-KA/ÞÓR 24-19

STADAN

HAUKAR	10	9	0	1	313-251	18
ÍBV	11	8	1	2303-254	17	
STJARNAN	11	8	1	2289-247	17	

Enska úrvalsdeildin:

CHELSEA- CHARLTON 1-1
 1-0 Eður Smári Guðjohnsen (19), 1-1 Marcus Bent (59).
 MAN. UTD. -LIVERPOOL 1-0
 1-0 Rio Ferdinand (90).

STADA EFSTU LIÐA

CHELSEA	23	20	2	1	49-12	62
MAN UTD	23	14	6	3	42-20	48
LIVERPOOL	21	13	5	3	29-12	44
TOTTENHAM	23	11	8	4	31-19	41

Ferdinand afgangur Liverpool

Rio Ferdinand skoraði eina markið á Old Trafford í stórslag helgarinnar í enska boltanum. Manchester United er því fjórum sigum á undan Liverpool.

FÓTBOLTI Leikurinn á Old Trafford var kaflaskiptur en lánleysi Liverpool-manna var algjört. Miðjuhnoð og barátta einkenndi fyrri hálfleikinn en sá síðari var öllu líflegri. Ferdinand bjargaði á línu og Djibril Cisse skaut yfir fyrir opnu marki á meðan Wayne Rooney sýndi skemmtilega takta í sóknarleik United sem var stíður á löngum köflum. Allt leit út fyrir markalaust jafntefli áður en Ferdinand stangaði aukaspyrnu Ryan Giggs í markið á lokasekúndum leiksins og tryggði United öll stigin.

Hetjan Ferdinand var með fæturna á jörðinni eftir leikinn og sagði lið Man. Utd. ekki ætla að ofmetnast með þessum sigri. „Það eina sem við getum gert er að vinna okkar leiki og vona að önnur lið misstígi sig. Það ætti að skila okkur ágætri stöðu þegar tímabilið er á enda,“ sagði Ferdinand.

Ryan Giggs, sem átti snilldarlegu aukaspyrnuna sem gaf mark Ferdinand, sagði leikinn í gær hafa verið kennslubókardæmi um að það mætti aldrei gefast upp. „Það er alltaf gaman að spila á



SIGURMARKIÐ Rio Ferdinand sést hér stanga boltann glæsilega inn í mark Liverpool á síðustu mínútu leiksins í gær. Jose Reina var með fingurna í boltanum en skallinn var einfaldlega of fastur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

móti Liverpool en ennþá skemmtilegra að vinna þá. Við lögðum okkur allir fram eins og við gátum og það skilaði okkur góðum úrslitum,“ sagði Giggs.

Rafael Benítez, stjóri Liverpool, taldi úrslitin hafa verið ósanngjörn. „Það er ekki hægt að vera annað en vonsvikinn með þessa niðurstöðu. Við stjórnendum

leiknum og stóðum okkur vel í að halda boltanum og spila skyndisóknir en töpuðum á marki eftir aukaspyrnu á síðustu mínútnni sem er augljóslega mjög dapurt. Við fengum færi til að vinna leikinn en við þurfum að klára færin sem við sköpum til að vinna,“ sagði sársvektur Benítez eftir leikinn.

- hph

Baráttuglaðar Stjórnustúlkur innbyrtu góðan sigur á liði FH 25-21:

Vörnin skilaði Stjórnunni góðum sigri

HANDBOLTI Leikur Stjórnunnar og FH í Ásgarði var nokkuð jafn framan af fyrri hálfleik og var staðan 7-5, Stjórnunni í vil þegar korter var liðið af leiknum. Leikurinn var nokkuð harður og kom það svölitið niður á gæðum handboltans. Staðan í hálfleik var 11-10, Stjórnunni í vil. Stjórnustúlkur komu gríðarlega

sterkar inn í seinni hálfleik og komust í 16-11 á fyrstu tíu mínútnum leiksins. Þar skipti mestu góð vörn og frábær markvarsla Jelenu Jovanovic. Eftir þetta var ekki spurning hvar sigurinn myndi enda og unnu Stjórnustúlkur sannfærandi sigur 25-21. Aðalsteinn Eyjólfsson var að vonum ánægður með sína leik-

menn eftir leikinn. „Það var frábært að sjá stelpurnar hér í kvöld. Þær tóku sig verulega á eftir tvo slaka leiki og ég er hæstánægður með þær. Við spiluðum góða vörn og markvarslan var einnig frábær. Mér fannst við vera mun betri allan seinni hálfleikinn og að mínu mati verðskulduðum við þennan sigur.“

- toh

Óvænt tífandi á Opna ástralska: Roddick úr leik í Ástralíu

TENNIS Andy Roddick var sleginn út á Opna ástralska mótnu í tennis en hann tapaði í fjórum settum fyrir lítt þekktum Kýpurbúa, Marcos Baghdatis. Kýpverjinn lék við hvern sinn fingur og vann Roddick sem er í öðru sæti heimslistans í tennis en Baghdatis er aðeins tvítugur að aldri.

„Þetta er besti leikur sem ég hef spilað,“ sagði Baghdatis eftir sigurinn. „Ég er algjörlega í mínun eigin heimi og þar næg ég að spila minn besta tennis. Stuðningur áhorfenda hjálpaði líka mikið og ég gæti ekki verið ánægðari með leikinn minn,“ sagði Kýpurbúinn kná í sjöunda himni eftir viðureignina.

- hph

HVAD? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

20 21 22 23 24 25 26

Mánudagur

LEIKIR

- 19.00 Ís fær Breiðablik í heim-sókn í Iceland-Express-deild kvenna í körfubolta.
- 20.00 Skallagrímur og Keflavík mætast í kvennaflokk í bíkarkeppni KKÍ og Lýsingar.

SIJÓNVARP

- 16.00 Ensku mörkin á Rúv. Svipmyndir úr leikjum helgarinnar úr ensku úrvalsdeildinni.
- 18.30 Ameríski fótboltinn á Sýn. Leikur Seattle Seahawks og Carolina Panthers.
- 20.30 Ítölsku mörkin á Sýn.
- 21.00 Ensku mörkin á Sýn. Sýnt verður úr leikjum ensku 1. deildarinnar.
- 21.30 Spænsku mörkin á Sýn.

SYMMETRICAL AWD



SUBARU
 MED HUGANN VIÐ AKSTURINN

Hrísmýri 2a
 800 Selfossi
 482-3100

Sæmundargötu 3
 550 Sauðárkrúki
 453-5141

Holtsgötu 52
 260 Njarðvík
 421-8808

Dalbraut 2b
 300 Akranesi
 431-1376

Víkurbraut 4
 780 Höfn í Hornafirði
 478-1990

Leiruvogi 6
 730 Reyðarfjörður
 474-1453

Öseyri 5
 603 Akureyri
 461-2960

Sölluga er aukabúnaður á mynd.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
„Looks like I picked the wrong week to quit amphetamines.“

Svar:
Steve McCroskey úr kvikmyndinni Airplane! árið 1980.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **FREYR BJARNASON** HORFÐI Á TVO SJOKKERANDI ÞÆTTI Í SJÓNVARPINU.

Sjokkerandi sjónvarpsefni

Dramaþátturinn Nip/Tuc er byrjaður aftur eftir ágætis pásu. Einhvers staðar var minnst á þennan þátt sem einn þann svakalegasta sem gerður hefur verið. Þó svo að ég sé ekki alveg tilbúinn til að taka jafn djúpt í árinna er um vandaðan og töluvert sérstakan þátt að ræða. Miðað við hversu margt hefur komið upp á síðan ég byrði að fylgjast með Nip/Tuck, m.a. það að allir hafa verið með öllum, mætti næstum því halda að um sápuóperu væri að ræða. Þátturinn er samt vel leikinn þar sem „fallega“ fólk er að sjálfsgöðu í fyrirrími eins og raunin er í flestum sápuóperum. Síðasti þáttur minnti mig að nokkru leyti á kvikmyndina ólgeymanlegu The Crying Game sem hafði að geyma atriði sem kom manni gjörsamlega í opna skjöldu og skildi mann eftir í sjokki. Einn þátturinn í þættinum komst að því að hann hefði verið ástfanginn af kynskiptingi og fór í framhaldinu í mikla sjálfs-

skoðun, þar sem brennivínið kom mikið við sögu eins og svo oft vill verða. Það er ekki hægt annað en að skilja angst hans. Í þættinum 101 Most Shocking Moments, sem var sýndur á föstudagskvöldið, komst The Crying Game einmitt á lista sem eitt af þeim atriðum í skemmtanabransanum sem hafa verið hvað eftirminnilegust í gegnum tíðina. Á meðal fleiri atriða sem komust á listann voru tíð makaskipti Jennifer Lopez og það þegar Michael Jackson hélt á ungarbarni sínu úti á svölum til að sýna almenningi. Þessi þáttur, rétt eins og Nip/Tuck, verður í tækinu hjá mér á næstunni því báðir ríghalda þeir í mann án nokkurrar miskunnar, enda sjokkerandi hvor á sinn hátt.

NIP/TUC Er einn svaðalegasti þátturinn sem sýndur er í íslensku sjónvarpi um þessar mundir.



▶ 21.00
Heimildamynd

GULLÖLD EGYPTALANDS



▶ 19.35
Gaman

STRÁKARNIR




▶ 20.00
Gaman

FRIENDS



▶ 21.50
Drama

THRESHOLD



▶ 22.00
Keppni

STUMP THE SCHWAB

SIJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.05 Veggfóður

15.35 Helgarsportíð 16.00 Ensku mörkin 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Gurra gris (35:52) 18.06 Kóalabræður (50:52) 18.15 Fæturnir á Fanney (8:13)

18.30 Váboði (13:13) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós 20.20 Íslensku tónlistarverðlaunin 2005 Kynntar verða tilnefningar til verðlaunanna.

20.35 Átta einfaldar reglur (68:76) ▶ 21.00 Gullöld Egyptalands (1:3) (Egypt's Golden Empire) Bandarískur heimildarmyndaflokkur um hið mikla blómaskeið í sögu Egyptalands frá 1500 til 1300 fyrir Krist og faraóana sem gerðu Egypta að mestu stórríkjó farnaldar.

22.00 Tiúfréttir 22.25 Vonir og væntingar (2:2) (Too Good To Be True) Bresk sjónvarpsmynd frá 2003.

23.45 Spaugstofan 0.10 Ensku mörkin 1.05 Kastljós 1.55 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 S.W.A.T. (Bönnuð börnum) 8.00 Swept Away 10.00 Kangaroo Jack 12.00 Orange County 14.00 Swept Away 16.00 Kangaroo Jack 18.00 Orange County 20.00 S.W.A.T. (Sérsvéitin) Sérsvéit lögreglunnar í Los Angeles kemst í hann krappan. B. börnum. 22.00 Terminator 3: Rise of the Mac (Tortímandinn 3) Enn er reynt að ryðja John Connor úr vegi. Str. b. börnum. 0.00 Taking Sides (B. börnum) 2.00 Proximity (Str.b.börnum) 4.00 Terminator 3 (Str. b. börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 The E! True Hollywood Story 13.00 E! News Weekend 14.00 101 Most Shocking Moments in... 15.00 101 Most Shocking Moments in... 16.00 101 Most Shocking Moments in... 17.00 101 Most Shocking Moments in... 18.00 It's Good To Be 18.30 Celebrity Soup 19.00 E! News Weekend 20.00 The E! True Hollywood Story 21.00 101 Best Kept Hollywood Secrets 22.00 Dr. 90210 23.00 Wild On 0.00 E! News 0.30 Celebrity Soup 1.00 Dr. 90210 2.00 The E! True Hollywood Story

AKSJÓN

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

14.00 Middlesbrough – Wigan frá 21.01 16.00 Chelsea – Charlton frá 22.01 18.00 Prumuskot 19.00 Stúdningsmannþátturinn „Liðið mitt“ (e) 19.50 West Ham – Fulham (b) 22.00 Að leikslokum 23.00 Prumuskot (e) 0.00 W.B.A. – Sunderland frá 21.01 2.00 Dagskrárlök

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



LOKABÁTTUR

Six Feet Under í kvöld kl. 21:25



VIÐ MÆLUM MEÐ...

American Idol

Sirkus kl. 21.00

Misslæmir söngvarar

Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims. Þau Simon, Paula og Randy snúa öll aftur í dómarsætið og Ryan Seacrest er á sínum stað sem kynnrir keppninnar. Nákvæmlega ekkert lát er á vinsældum þáttarins. Það staðfestist ræki-lega þegar þættirnir hófu göngu sína í Bandaríkjunum á þriðjudaginn var. Þeir slógu þá enn eitt áhorfsmetið en yfir 35 milljónir manna fylgdust með fyrstu áhorfsprufunum sem hófust í borgunum Chicago og Denver. Eins og vera ber þá stigu fram á sjónarsviðið margir góðir söngvarar – en mun fleiri slæmir.



TALSTÖÐIN FM 90,9

6.58 Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 9.10 Allt og sumt

12.25 Fréttavíðitalið 13.05 Bílápátturinn e. 14.10 Hrafnáþing 15.10 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar 17.59 Á kassanum. Illugi Jökullsson.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 19.30 Allt og sumt 21.30 Á kassanum e. 22.00 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

0.20 Hrafnáþing Ingva Hrafns e.

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítið 9.00 Ivar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.40 Í deiglu 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Viltt og breitt 14.00 Fréttir 14.03 Útvarpssagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Alþjóðavæðingin á Íslandi 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Söngvamáll 21.00 Tekst, ef tveir vilja 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Úr tónlistarlífinu

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsdóttir 10.00 Rósa Ingólfsdóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 14.00 Kjartan Gunnar Kjartansson 15.00 Hildur Helga

17.00 Gústaf Nielsson 18.00 Meinhornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþrúður Karlsdóttir 22.00 Rósa Ingólfsdóttir 23.00 Kjartan G.

Kjartansson 0.00 Hildur Helga 2.00 Gústaf Nielsson 3.00 Rósa Ingólfsdóttir 4.00 Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlit Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlit

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Gettu Betur 21.030 Konsert 22.10 Popp og ról

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effem / Zúber tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying



▶ 21.10 Fréttir

60 MINUTES



7.00 Ísland í bítið 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttaréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisfréttavíðital. 13.00 Íþróttir/lífstill 14.00 Hrafnáþing/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi 18.00 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir

20.00 Fréttir

20.10 Silfur Egils Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.

21.00 Fréttir

▶ 21.10 60 Minutes Framúrskarandi fréttáttur sem vitnað er í.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Hrafnáþing/Miklabraut Hrafnáþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnáþing/Miklabraut

ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT

12.00 Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open 13.45 Football: Football World Cup Season Legends 14.45 Football: Football World Cup Season Magazine 15.15 Football: African Cup of Nations Egypt 17.15 Football: African Cup of Nations Egypt 18.00 Football: African Cup of Nations Egypt 20.00 Figure Skating: European Championship Lyon France 21.30 Football: Eurogoals 22.30 Football: African Cup of Nations Egypt 23.30 All sports: WATTS 0.00 Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open 2.00 Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open

BBC PRIME

12.00 Keeping up Appearances 12.30 The Good Life 13.00 Ballykissangel 14.00 Balamory 14.20 Andy Pandý 14.25 Tweenies 14.45 Fimbles 15.05 Captain Abercromby 15.20 The Make Shift 15.35 Ace Lightning 16.00 Cash in the Attic 16.30 Ready Steady Cook 17.15 The Weakest Link 18.00 Doctors 18.30 EastEnders 19.00 A Place in France 20.00 Dalziel and Pascoe 21.30 Red Dwarf 22.00 Days that Shook the World 22.50 Casualty 23.40 Radical Highs 0.00 The Trouble with Sleep 1.00 Hidden Treasure 1.30 Hidden Treasure 2.00 The Mark Steel Lectures

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Seconds from Disaster 13.00 Oceans in Glass 14.00 Megastructures 15.00 Body Attack 16.00 Megastructures 17.00 Seconds from Disaster 18.00 The Super Twisters 19.00 The Dinosaur Dig 20.00 Megastructures 21.00 Body Attack 22.00 Megastructures 23.00 Seconds from Disaster 0.00 Body Attack 1.00 Megastructures

ANIMAL PLANET

12.00 Amazing Animal Videos 12.30 Monkey Business 13.00 Big Cat Diary 13.30 The Snake Buster 14.00 Britain's Worst Pet 14.30 Animal Planet at the Movies 15.00 Miami Animal Police 16.00 Pet Rescue 16.30 Wildlife SOS 17.00 Amazing Animal Videos 17.30 The Planet's Funniest Animals 18.00 The Snake Buster 18.30 Monkey Business 19.00 Supernatural 19.30 Big Cat Diary 20.00 The Life of Birds 21.00 Animal Cops Houston 22.00 Supernatural 22.30 Monkey Business 23.00 Emergency Vets 23.30 Hi-Tech Vets 0.00 Pet Rescue 0.30 Wildlife SOS 1.00 The Life of Birds 2.00 The Snake Buster

DISCOVERY

12.00 American Chopper 13.00 Thunder Races 14.00 Extreme Engineering 15.00 Extreme Machines 16.00 Scrapheap Challenge 17.00 Rides 18.00 American Chopper 19.00 Mythbusters 20.00 Two Lives One Body 21.00 Trauma 22.00 Sex Sense 22.30 Sex Sense 23.00 Mythbusters 0.00 Forensic Detectives 1.00 FBI Files 2.00 Finding the Fallen

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝ ÞÁTTARÖÐ!
NÝR TÍMI 19:35

AUDDI VANGAR VIÐ PABBA SINN

Strákarnir í kvöld kl 19:35



Electrolux

Stál gaseldavél með 5 gas-hellum og 109 lítra ofni með sjálfhreinsibúnaði

- ✓ Stafræn klukka
- ✓ Grillteinn og mótör
- ✓ HxBxD: 85-91x90x60 cm
- ✓ Verð áður kr 199.900



Verð nú **34.900** **30% AFSLÁTTUR**



Verð nú **149.900** **50.000 AFSLÁTTUR**

ZANUSSI
Flott 5 hellu gasborð með tvöfaldri WOK hellu í miðjunni. Sterkbyggðar grindur-grindur úr pottiárni. Verð áður kr 49.900



Verð nú **29.900** **30% AFSLÁTTUR**

ZANUSSI
Frystiskápur í borðhæð með þremur skúffum / hófum og litlum frystibakka. Hraðfyrsting HxBxD: 85x55x60 cm. Verð áður kr 42.900



Verð nú **32.900** **23% AFSLÁTTUR**

Teba
Eldavél með fjórum hellum og stórum ofni með undir- og yfirhita ásamt grilli. HxBxD: 85-91x59x58 cm. Verð áður kr 42.900

Electrolux Big Inside

Ótrúlega spameytnir kæli- og frystiskápar með nýri innréttingu s.s. glerhillum, flöskurekka og grænmetisskúffu á brautum. Með nýri tækni næst fram 14% meira rými en áður hefur þekkt. Stafrænt stjórnbórð og bakteríuvörn. Orkuflökkur A+.

- ✓ 200 cm 291 lítra kæli og 109 lítra frystir
- ✓ 175 cm 226 lítra kæli og 109 lítra frystir
- ✓ Verð áður kr 99.900/200 cm - 79.900/175 cm



Verð nú **69.900** **30% AFSLÁTTUR**
200 cm hár

Verð nú **54.900** **32% AFSLÁTTUR**
175 cm hár

Electrolux

Afar vandaður þýskur ofn með 9 mismunandi eldunarkerfum þ.a.m. pizzakerfi og stórt grill. Heitur blástur með fráþærum baksturseiginleikum.

- ✓ Kjöthitamælir með klukku
- ✓ Clean 'N' Clear létthreinsiglerungur
- ✓ Innfellid stjórnrofar
- ✓ Verð áður kr 69.900



Verð nú **44.900** **35% AFSLÁTTUR**

Með kjøthita-mæli!

Electrolux

Keramik helluborð með snertitökkum og High Light hraðhellum.

- ✓ Barnalæsing
- ✓ Övenjulega stór hella 23 cm
- ✓ Uppúrðuðvörn
- ✓ Verð áður kr 64.900



Verð nú **39.900** **40% AFSLÁTTUR**

Snerti-takkar

OKKAR ALBESTA ÚTSALA ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR



www.design.is @ 2006



Verð nú **34.900** **40% AFSLÁTTUR**

ZANUSSI
1000 snúninga hraðþvottavél með

- ✓ A/A einkunn fyrir þvottagæði og orkunýtni
- ✓ Stór lúga 33 cm
- ✓ Sambyggt kerfa og hitaval
- ✓ Verð áður kr 59.900



Verð nú **47.900** **40% AFSLÁTTUR**

AEG
Vönduð hljóðlát uppþvottavél

- ✓ A/A einkunn fyrir þvottagæði og orkunýtni
- ✓ 5 þvottakerfi og 4 hitastig
- ✓ Sensologic þvottatækni
- ✓ Verð áður kr 79.900



Verð nú **37.900** **37% AFSLÁTTUR**

ZANUSSI
Hljóðlát vel búin uppþvottavél

- ✓ Quick A-30 hraðkerfi og A-80 erfiðskerfi
- ✓ Val um 4 hitastig og 5 kerfi
- ✓ Fuzzy Logic þvottatækni
- ✓ Verð áður kr 59.900



Verð nú **34.900** **35% AFSLÁTTUR**

Electrolux
140 cm hár kæli- og frystiskápur með aðskildum frysti

- ✓ 190 lítra kæli og 44 lítra frystir ****
- ✓ Afþjöðing í kæli og bakteríuvörn
- ✓ HxBxD: 140x55x60 cm
- ✓ Verð áður kr 52.900



Verð nú **19.900** **33% AFSLÁTTUR**

Teba
Ofn með undir- og yfirhita + grill

- ✓ Með höggþolnum glerungi
- ✓ Innbyggingamál (gatmál) HxB: 58x54 cm
- ✓ Verð áður kr 29.900



Verð nú **89.900** **28% AFSLÁTTUR**

Electrolux
Vandað þýskt spansuðuhelluborð með snertitökkum og stálkanti til hliða

- ✓ Allt að 50% tímasparnaður
- ✓ Engin virkni án potta
- ✓ Öruggsti eldunarmátinn
- ✓ Matarleifar brenna ekki fastar við borðið
- ✓ Verð áður kr 124.900



Verð nú **990** **75% AFSLÁTTUR**
Kaffivél með hitakönnu stál Brauðrist burstað stál Stafræn eldhúsvog 2kg Verð áður kr 2.990-3.990



ufesa
Kröftug en létt 1600W ryksuga með hraðastilli, stálrori og 7 metra vinnuradius. Verð áður kr 7.990

Verð nú **3.990** **50% AFSLÁTTUR**

Rafha

Opið Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Virka daga 09-18 Sími 5880500
Laugardaga 10-16 **www.rafha.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

Íslendingar?

Hvers konar manntegund er það sem býr á Íslandi? Hvernig eru manneskjurnar? Hvernig er þessi þjóð inn við beinið? Fornir spekingar sögðu að hámark allrar visku væri að þekkja sjálfan sig, enda er það mikil kúnt og margir fara jafn nær í gröfina þótt þeir hafi aldrei hugsað um neitt nema sjálfa sig. Ef maður væri erlendu sendiráðsmaður og ætti að gera úttekt og heildarlýsingu á Íslendingum ú frá fréttum í fjölmiðlum og masi í kokteilboðum og einhverjum samtölum við Íslendinga gæti skýrslan verið svona:

ÍSLENDINGAR eru stoltir af þjóðerni sínu og telja sig standa öðrum þjóðum frammar (nema Ameríkönunum), bæði vegna menningararfs þjóðarinnar (fornsagna sem örfáir hafa lesið) og svo vegna þess að foreldrar þeirra brutust úr fátækt til ríkidæmis. Þeir segjast vera afkomendur víkinga sem fluttust þangað til að stofna skattaparadís fyrir efnafólk. Til marks um vikingablóð í æðum sér benda þeir á að Íslenskir drengir séu nú í mikilli útrás og kaupir allt sem á vegi þeirra verður í öðrum löndum eins og þeir lærðu af mæðrum sínum í innkaupaferðum til Glasgow.

ÍSLENDINGAR segjast vera afar frjálslýndir. Þeir hafa kristna þjóðkirkju og leyfa ekki hjónabönd samkynhneigðra. Innflytjendur kallast nýbúar og vinna út af fyrir sig í fiski eða við ræstingar. Stjórnámálamenn telja mannréttindamálum vel borgið á Íslandi og hafa því skrúfað fyrir fjármagn til þess málaflokks. Íslendingar vilja ekki spilla náttúru landsins og réðu útlendinga til að byggja risarafstöð að fjallabaki.

ÍSLENDINGAR eru hreyknir af menningu sinni, einkum næturlífi í Reykjavík og piltahljómsveit sem heitir Sigurrós. Jafnrétti er svo mikið að Íslenskar konur eru sagðar gera hitt jafn oft og karlmenn. Við þessa skýrslu er því að bæta að þrátt fyrir soldinn gorgeir er þetta heldur notaleg þjóð. Það er orðum aukið að fólk þrúi á huldufólk og drauga, en sumir trúu enn á stjórnmálaflokka. Skýringin á því að Íslendingar hafa aldrei komist á HM í knattspyrnu er ef til vill sú að aldrei hefur tekist að smala saman ellefu manns í hóp sem skilur að allur hópurinn á sameiginlega hagsmuni.

Fyrir enn lengra komna.

2.790.000,-*

9-3 línan frá SAAB hefur slegið í gegn á Íslandi. Við kynnum nú kröftugri meðlim fjölskyldunnar: SAAB 9-3 Turbo. Kraftmeiri, sjálfskiptur og á ótrúlega skynsamlegu verði. Prófaðu SAAB 9-3 Turbo í dag.

Beinskíptur SAAB 9-3 á 2.290.000 kr. er uppseldur eins og er. Erum að bæta á biðlistann.



* Skynsemin hefur aldrei verið skemmtilegri.

Ingvar Helgason

Sævarhófdá 2 Sími 525 8000 ih.is

Glænýr Saab **93**



AEG

Handverkfæri af BESTU gerð!



HJÓLSÖG K 55
Kr. 16.900.-



STINGSÖG STEP 1200
Kr. 19.900.-



VELTU RAFHLÖÐUVÉL RDSE 12T
Kr. 16.900.-



BORVÉL SB2 630
Kr. 8.990.-



BORHAMAR PN 3000R2/K
Kr. 26.900.-

BETRI VERÐ!

AEG handverkfærin sverja sig í ættina. Þau eru eins og annað sem kemur frá þessum þýska framleiðanda vönduð og traust.

ORMSSON

LÁGMÚLA 6 SÍMI 530 2800